Desember 2021

Akureyri



RIT FO RM

Eflum norðlenska jólaverslun

KAUPMANNAFÉLAG AKUREYRAR

GJAFAKORT GLERÁRTORGS

TILVALIN GJÖF VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI!

GJAFAKORTIN GILDA Í YFIR 30 VERSLANIR OG VEITINGASTAÐI Á GLERÁRTORGI.

PANTAÐU GJAFAKORT Á GLERARTORG.IS





■ Landsliðsmiðvörðurinn Brynjar Ingi Bjarnason í baráttunni við Timo Werner, sóknarmann Þýskalands. Mynd: Hafliði Breiðfjörð

Ólýsanleg tilfinning að skora fyrsta landsliðsmarkið

Árið sem er að líða er svo sannarlega ár Akureyringsins og knattspyrnumannsins 21 árs gamla, Brynjars Inga Bjarnasonar. Í byrjun árs undirbjó miðvörðurinn ungi tímabilið í efstu deild á Íslandi með félögum sínum í KA, grunlaus um að í lok árs yrði hann orðinn atvinnumaður í knattspyrnu með ítalska félaginu Lecce auk þess að eiga í árslok að baki 10 leiki með A-landsliði Íslands og tvö landsliðsmörk.

„Nei, mig óraði ekki í ársbyrjun fyrir að allt þetta myndi gerast á þessu ári," játar Brynjar Ingi í símaspjalli frá borginni Lecce, syðst á Ítalíu. Hann segir að eftir gott tímabil með KA sumarið 2020 hafi hann vitað af áhuga erlendra liða og því verið farinn að velta möguleikanum á atvinnumennsku í knattspyrnunni alvarlega fyrir sér.

„Fyrst horfði ég til Norðurlandanna en svo kom þetta óvænta kall í A-landsliðið í lok maí og í framhaldi af því kviknaði áhugi víðar. Eftir það landsleikjahlé var engin spurning að leiðin lægi út í atvinnumennsku heldur var spurningin fyrst og fremst sú hvaða kost ég vildi velja. Niðurstaðan varð svo samningur við Lecce hér á Ítalíu," segir Brynjar Ingi.



Útgefandi: Ritform ehf. í samvinnu við Kaupmannafélag Akureyrar.

Útgáfustjóri: Valþór Hlöðversson.

Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson, (ábm).

Umsjón, textavinnsla og umbrot: Ritform ehf.

Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir. inga@ritform.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Rafræn útgáfa af blaðinu er á ritform.is

RITFORM

KAUPMANNAFÉLAG AKUREYRAR

Gott til endurvinnslu


SPORTVER
Nýjar vörur í útivistina
CINTAMANI
Við þekkjum tilfinninguna

Landsliðsvalið var vendipunkturinn

Fáir hafa komið af jafn miklum krafti inn í karlalandslið Íslands í sögunni því Brynjar Ingi var miðvörður í byrjunarliði í sínum fyrsta landsleik gegn Mexíkó í lok maí og spilaði þá 80 mínútur. Í kjölfarið mætti landsliðið Færeyingum og Pólverjum í útileikjum þar sem Brynjar Ingi spilaði báða leikina til enda og skoraði sitt fyrsta landsliðsmark í þeim síðarnefnda.

„Í mínum huga er engin spurning að hápunktur ársins var landsliðsvalið og þó að það sé sjálfsagt klisja þá var ólýsanleg tilfinning að skora fyrsta markið í landsliðsbúningnum," segir hann.

Brynjar Ingi er ekki í nokkrum vafa um að stærsta áskorun knattspyrnumanns sé að fá tækifæri í landsliði. „Í landsliði ertu kominn í hæsta gæðaflokk í knattspyrnunni og mætir andstæðingum sem eru í allra fremstu röð. Fyrir utan fyrsta landsliðsmarkið var eftirminnilegast fyrir mig í þessum leikjum að takast á við sóknarlínu Þjóðverja. Þó að ég þyrfti að slást við hinn heimsþekkta markaskorara, Robert Lewandowski, í leiknum í Póllandi þá myndi ég alltaf velja að mæta honum aftur frekar en þessari gríðarsterku sóknarlínu þýska landsliðsins," segir Brynjar Ingi.

Allt öðruvísi en heima á Íslandi

Í kjölfar samnings við Lecce á Ítalíu fór Brynjar Ingi þangað í byrjun júlímánaðar þegar undirbúningur fyrir yfirstandandi keppnistímabil hófst. Lecce er í næstefstu deild á Ítalíu og er þar í toppbaráttu.

„Þetta er allt öðruvísi en ég á að venjast heima. Þrátt fyrir að Lecce sé í seríu B þá er þetta stór klúbbur í ítalskri knattspyrnu, lið sem talið er eiga heima í seríu A. Öll umgjörð hjá félaginu er gríðarlega öflug og í þessari 100 þúsund manna borg fylgjast allir með fótbolta. Maður finnur að stuðningurinn er mjög mikill meðal borgarbúa og ég er stundum stöðvaður úti á götu til að fá mynd. Sem dæmi um hversu vel stuðningsmenn fylgjast með þá var ég varla kominn út úr leigubílnum eftir landsliðsverkefnið í september þegar stuðningsmaður kom til mín úti á götu og óskaði mér til hamingju



■ **Brynjar Ingi Bjarnason í búningi Lecce á Ítalíu. Hinu viðburðaríka ári 2021 mun hann aldrei gleyma.** Mynd: Lecce



■ **Í leik með Lecce.** Mynd: Lecce

með landsliðsmarkið á móti Norður-Makedóníu," segir Brynjar Ingi en hann deilir íbúð í borginni með öðrum íslenskum landsliðsmanni, Þóri Helgasyni, sem einnig kom til Lecce síðastliðið sumar. Brynjar Ingi segir að það hafa verið dýrmætt fyrir þá báða að geta fylgst að þessa fyrstu mánuði hjá Lecce.

Lærdómur á hverjum degi

Atvinnumennska í fótbolta er stíf vinna alla daga. Æft er alla morgna og fer liðið saman á hótel daginn fyrir leiki, hvort heldur eru útileikir eða heimaleikir. Stærstum hluta tímans ver liðið saman. Aginn er líka mikill og til að mynda segir Brynjar Ingi að leikmönnum leyfist ekki að ávarpa þjálfarann að fyrra bragði á æfingum. Hörð samkeppni er um miðvarðastöðurnar hjá Lecce og hefur Brynjar Ingi fengið tækifæri í einum deildarleik með liðinu það sem af er tímabili en verið í hópnum í öllum leikjum og spilað þess utan æfingaleiki.

„Allir leikmenn liðsins eru í hæsta gæðaflokki og barátttan um stöður í liðinu er mjög hörð. Ég þarf því að halda áfram að vera þolinmóður en ég læri mjög mikið á hverjum einasta degi. Á æfingum er mikið spilað og þá er farið af fullum krafti í allar tæklingar og skallaeinvígi eins og um keppnisleik væri að ræða. En móralinn í hópnum er mjög góður og allir tilbúnir að hjálpa manni."

Vonast eftir meiri leiktíma

Aðspurður um markmið komandi árs segist Brynjar Ingi vonast eftir að fá meiri leiktíma.

„Ég veit af reynslunni að hlutirnir geta verið fljótir að breytast í þessum knattspyrnuheimi en hvort heldur það væri hjá Lecce eða annars staðar þá væri ég til í að fá að spila knattspyrnuleiki í hverri viku. Þar fyrir utan þá er mitt markmið á komandi mánuðum líka að koma fastri rútínu á daglegt líf utan knattspyrnunnar, hugsa um mataræði og venjast því að sjá um mig sjálfur hvað alla hluti varðar. Það voru auðvitað viðbrigði að fara frá því að búa heima hjá pabba og mömmu á Akureyri en ég held að góð rútína utan vallar skipti líka máli til að ná árangri í fótboltanum."

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Allt fyrir jólin

á einum stað



blómaval HÚSASMIÐJAN ISKRAFT

Ný verslun á nýju ári!

Sjáumst á nýju ári í einni glæsilegustu byggingavöruverslun landsins og þjónustumiðstöð fyrir Norðurland á Akureyri

Jólaauglýsing Icelandair tekin á Akureyri

Við erum með gerð þessarar auglýsingar að undirstrika mikilvægi Akureyrar sem áfangastaðar og erum ekki síst að beina athygli erlendra ferðamanna að því að nú geta þeir bókað sig strax í upphafi inn á áfangastaði Icelandair utan Reykjavíkur. Þessi jólaauglýsing okkar fer í loftið um miðjan desember. Við erum að koma með okkar fyrstu „alvöru“ jólaauglýsingu í langan tíma og í henni erum við að tala til heimamarkaðarins og jafnframt verður henni beint að ferðamönnum erlendis,“ segir Gísli S. Brynjólfsson, markaðsstjóri Icelandair, að spurður um hugmyndina á bak við jólaauglýsinguna 2021.

Mokaði vélina út

Icelandair hefur öðru hvoru teflt fram veglegri jólaauglýsingu í sjónvarpi og í haust var kvikmyndatökulið statt á Akureyri í fjóra daga til að taka upp auglýsinguna þetta árið. Var meðal annars myndað á Eyrinni og við Andapollinn. Gísli segir að auglýsingin hafi verið í vinnslu alllengi og kveikjan að henni sé skemmtileg saga um úrræðagóðan íslenskan flugmann í Amsterdam.

„Já, hugmyndin kviknaði í kringum atvik sem varð árið 2010. Þá var okkar vél í Amsterdam og það hafði snjóað pínulítið um daginn og nóttina þannig að engar vélar komust á loft. Flugmaður hjá okkur var ekki alveg að kaupa þetta og bað um skóflu og mokaði vélina út! Hann tók sumsé Íslendinginn á þetta og var okkar vél sú eina sem komst í loftið þann daginn. Síðan spinnum við í kringum þetta og setjum stutta sögu á svið sem mun vonandi vekja lukku.“


Sýnd um allan heim

Gísli segir að auglýsingin hafi verið í undirbúningi í 12 mánuði. Segir hann að það hafi verið heppilegt að koma norður þar sem snjór kemur við sögu. „Okkur fannst viðeigandi að taka auglýsinguna á Akureyri því Akureyringar vilja jú meina að þar sé vagga flugsins og við getum alveg tekið undir það. Þetta er auglýsing sem verður sýnd á Íslandi og út um allan heim. Og nú er Akureyri komin í alþjóðlegt leiðakerfi Icelandair svo okkur fannst tilvalið að vinna þetta nyrðra og beina sjónum áhorfenda að Akureyri sem eins mikilvægasta áfangastaðar okkar innanlands.“

Efling innanlandsflugsins

Eins og margir vita var rekstur innanlandsflugsins undir merkjum Air Iceland Connect sameinaður rekstri Icelandair á síðasta ári. Eru áfangastaðir félagsins hér heima nú Reykjavík, Akureyri, Ísafjörður og Egilsstaðir. „Við höfum unnið hluta af okkar markaðsefni í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna en tilgangurinn er að kynna flugið innanlands, bæði fyrir Íslendingum en ekki síður erlendum ferðamönnum og sýna þeim fram á kosti þess að fljúga á okkar áfangastaði og kynnast landinu sem best,“ segir Gísli S. Brynjólfsson, markaðsstjóri Icelandair.

icelandair.is



■ Skjáskot úr auglýsingunni. „Okkur fannst tilvalið að vinna þetta nyrðra og beina sjónum áhorfenda að Akureyri sem eins mikilvægasta áfangastaðar okkar innanlands,“ segir markaðsstjóri Icelandair.

Ertu klár í snjóinn?

STIGA



vél sleða fatnaður FXR



snjóflóða búnaður

sleðar frá 15.990



En í ferðalagið?



britax bílstólar

Njótum samverunnar og verum örugg í umferðinni um jólin.

Þú getur skoðað vetrarúrvalið **á akureyri.ab.is**

AB varahlutir

Frostagötu 2 - Akureyri

415 6 415 - akureyri.ab.is

AB VARAHLUTIR

netgíró

pei

Sportver með Cintamani á ný



■ Sigurlaug Stefánsdóttir og Linda Tul segjast svo sannarlega komnar í jólagírinn. Úrvalið í skóbúðinni er stöðugt að aukast.

Við í Sportveri erum sannarlega komin í jólagírinn og hlökkum til að taka á móti viðskiptavinum okkar með bros á vör, því óhætt er að segja að margt fallegt má finna í búðinni sem hentar vel í jólapakkana," segir Linda Tul í Sportveri á Glerártorgi.

Linda segir mikla samkeppni um þessar mundir á milli verslunar og netverslunar og því skipti það höfuðmáli að viðskiptavinir finni fyrir ánægjulegri upplifun af því að koma sjálfir í verslunina. „Við leggjum því mikla áherslu á að veita góða þjónustu og að viðmótið sé gott," segir hún.

Öll helstu merkin

Öll helstu merkin sem í boði eru á markaðnum um þessar mundir í íþróttafatnaði fást í Sportveri, hvort heldur er fyrir hreyfingu úti eða inni og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Linda segir að þegar kemur að tískunni tróni Nike á toppnum. Sportver er með skóbúð þar sem er gott úrval af íþróttaskóm, Nike, Hoka, On og Brooks svo dæmi séu tekin og þá bætir Linda við að götu/spariskódeildin fari líka vaxandi. „Við erum spennt yfir að bjóða upp á Jodis by Andrea Röfn kvenskóna og erum eini söluaðilinn á Akureyri, en að auki erum við með flotta dömuskó frá Six Mix, Tamaris og Vagabond. Herrarnir fá líka sitt, við erum með úrval af fallegum skóm fyrir þá eins og Ecco, Urban-Fly og Vagabond."



■ Yfirhafnir í Cintamani línunni.

Ræturnar liggja hér

Sportver hefur á ný tekið inn vörur frá Cintamani eftir nokkurra ára hlé og segir Linda það afar ánægjulegt því rætur Cintamani liggi á gömlu verksmiðjunum þar sem Glerártorg er nú. Sportver var með þeim fyrstu sem seldu Cintamani fatnað á Íslandi. „Við höfum fylgst með merkinu þróast í gegnum árin og erum afskaplega ánægð með að taka þetta rammíslenska og flotta útivistarmerki inn aftur," segir Linda.

Í Sportveri er nú unnið hörðum höndum að því að koma upp öflugri vefverslun sem líta mun dagsins ljós á komandi mánuðum.

sportver.is


AKUREYRI
Það er
eitthvað
við hana
halloakureyri.is

Fleiri merki og meira úrval

Enn og aftur er komið að uppáhalds tímabilinu mínu," segir Hilda Eichmann, verslunarstjóri hjá CASA á Glerártorgi en þar er hún að vísa til aðventunnar og komandi jóla. Á þessum tíma er jafnan mikið líf og fjör í versluninni frá morgni til kvölds.

„Þetta er tími þar sem við erum á fullu að selja fólki fallegar vörur, allir eru í góðum jólagír og við sjáum fram á góðar og notalegar stundir framundan," segir hún.

CASA hefur smátt og smátt verið að auka við vöruúrvalið, bæta við merkjum en Hilda segir viss merki ávallt standa upp úr í vinsældum. Þar megi nefna Iittala glervöruna sem alltaf er söluhá og mikið keypt til jólagjafa, Rosendahl og Bialetti. Kartell lamparnir og borðin eigi líka vinsældum að fagna.

„Specktrum línan hefur verið ofsalega vinæl síðan við byrjuðum með hana og sú lína er alltaf að stækka þannig að þeir sem safna henni geta alltaf bætt við safnið sitt eða hjá öðrum," segir Hilda og bætir við að í CASA sé mesta úrvalið af Moomin vörum á Akureyri. Að auki sé fjölmargt annað að finna í versluninni sem henti til jólagjafa og nefnir að



■ **Specktrum vörurnar eru vinsælar og línan alltaf að stækka hjá Casa.**

boðið sé upp á innpökkun í versluninni og hún hafi slegið í gegn.

Að fara út í búð eða versla heima

„Kórónuveiran hefur stjórnað miklu hjá landanum undanfarin misseri og sett sitt mark á verslun eins og annað. En þó að fólk sé á ný farið að ferðast meira til útlanda þá verslar það mikið hér heima, sem mér finnst ánægjulegt," segir Hilda. „Fólk gerir sér ferð út í búð til að fá smá fjölbreytni í hversdagsleikann og við bjóðum það velkomið." Einnig segir hún að margir kjósi að hafa það notalegt uppi í sófa með kaffibolla við höndina og versla á netinu. Vöruna fái fólk svo beint heim að dyrum og það þyki mörgum svo sannarlega þægilegt, en CASA býður heimkeyrslu á Akureyri sem hefur komið sér vel fyrir marga undanfarið.

casa.is



■ **Hilda Eichmann, verslunarstjóri CASA á Glerártorgi, segir jólaverslunina uppáhaldstímabil ársins.**

ELKO



JÓLAGJAFA-HANDBÓKIN ER KOMIN ÚT

100 bls. af jólagjafahugmyndum
Sjáðu allt blaðið á elko.is

ELKO ehf. | Lindum - Skeifunni - Granda - Akureyri - Flugstöð | 544 4000 | elko@elko.is



■ Ágúst Már Sigurðarsson, aðstoðarverslunarstjóri (tv) og Haukur Már Hergeirsson, verslunarstjóri Elko á Akureyri eru tilbúnir með úrval af raftækjum fyrir jólin.

Jólagjafirnar fást í ELKO

ELKO rekur glæsilega verslun á Akureyri en hún var opnuð fyrir jólin í fyrra. Verslunin er staðsett við Tryggvabraut 18, með aðgengi frá Furuvöllum. Hún er um 1000 m² að grunnfleti og þar er að finna ótrúlegt úrval af jólagjöfum af öllu tagi. Akureyringar og nærsveitungar hafa tekið versluninni vel og munu ekki eiga í erfiðleikum með að finna þar hentugar jólagjafir.

„Með opnun ELKO var stigið stórt og mikilvægt skref í átt að því að færa þjónustuna ásamt gríðarlegu vöruúrvali nær viðskiptavinum okkar á Norðurlandi. Þeir hafa tekið okkur fagnandi og við leggjum okkur fram um að koma til móts við þeirra kröfur," segir Haukur Már Hergeirsson verslunarstjóri.

Spjallað við hátalarann!

Þegar finna á jólagjöf fyrir afa og ömmu er margt í boði í ELKO, t.d. lofthreinsitæki, hitateppi, nuddrúlla eða þá stafrænn myndarammi sem er sniðug lausn til þess að halda myndum af fjölskyldumeðlimum til haga. Þegar kemur að ástríðukokknum á heimilinu má benda á mikið úrval af pizzaofnum, heilsugrillum og fjölsuðupottum sem bjóða upp á gufusuðu, bakstur, steikingu og grillun. Þá má ekki gleyma Air fryer eða loftsteikingarpottinum en hann fæst auðvitað í ELKO. Google Nest Mini snjallhátalarinn er líka að slá í gegn en hann færir þér tónlistina í miklum gæðum – og ekki spillir fyrir að hægt er að spyrja hátalarann ýmissa spurninga sem hann svarar eftir bestu getu!

Snjallvörur frá Hombli

ELKO er með á boðstólum Hombli snjallvörurnar en þær bjóða upp á notendavæna og einfalda lausn til að setja upp snjallheimili. Úrvalið í Hombli er mikið og má nefna snjallinnstungur, snjallperur, LED-borða, öryggismyndavélar, hreyfiskynjara, fjölnotaskynjara og dyrabjöllu. Með Hombli er hægt að setja upp snjallheimili án þess að það kosti of mikið. Allar vörurnar frá Hombli eru auðveldar í uppsetningu og jafnvel auðveldari í notkun. Allt sem þú þarft er eitt snjallforrit – Hombli.

Í verslun ELKO á Akureyri er auðvitað boðið upp á vefverslunina elko.is. Þegar verslað er fyrir 10.000 kr. eða meira í vefverslun er frí heimsending á smærri vörum. Stærri vörur eru afhentar í vöruhúsi Samskipa á Akureyri.

elko.is



Kertastjaki Arcs
5.299-7.599 kr.

HAY



Rör Sip Swirl
4.199 kr. 6 Í PAKKA.

HAY



Kerti snúin
3.999 kr. 6 Í PAKKA.

HAY



Kertastjaki Flare
5.299 - 7.349 kr. 3 STÆRÐIR.

HAY



Play HAY Yatzy
5.299 kr.

HAY



Lykklakippa Cane svört
2.899 kr.

HAY



Matarprjónar
5.699 kr. 6 Í PAKKA.



Sowden brauðrist
14.999 kr.

HAY



Kerti Stripe
2.599 kr. 4 Í PAKKA.

HAY



Blómavasi Splash
9.499 kr.

Penninn Eymundsson Akureyri
540-2180



■ Hönnuðirnir að baki Jólaóróans í ár eru Arnar Ingi Viðarsson og Arnar Fells Gunnarsson en Kristín Svava Tómasdóttir samdi kvæði um kappann.



■ Þvörusleikir lítur svona út í huga listamannanna Arnars&Arnars.

Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

Þvörusleikir er jólaóróinn í ár!

Þvörusleikir er jólaóróinn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 2021 en hann verður til sölu fram til 16. desember. Hönnunarteymið Arnar&Arnar hönnuðu óróann og Kristín Svava Tómasdóttir samdi kvæði um kappann. Þetta er fimmtándi og síðasti óróinn í jólasveinaseríu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Markmiðið með gerð og sölu jólaóróanna er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna.

„Þetta er síðasti jólasveininn í seríunni og kannski hafa fyrri listamenn ekki haft áhuga á svona miður geðslegum sveini sem sleikir potta og pönnur hjá fólki. Við völdum því að láta hann verið svolítið „krípí“ í útliti,“ segir Arnar Fells, annar hönnuðanna að baki óróans.

Margir fremstu hönnuðir og skáld Íslendinga hafa stutt Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra með túlkun sinni á íslensku jólasveinunum og fjölskyldu þeirra. Allur ágóði af sölu óróanna rennur til Æfingastöðvarinnar sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra á og rekur. Þar fá börn og ungmenni, með frávik í hreyfingum og þroska, iðju- og sjúkraþjálfun. Þjónustan er fyrir öll börn og ungmenni sem þurfa aðstoð við að bæta færni sína í leik og starfi svo þau geti þroskast, dafnað og notið lífsins.

Sala Þvörusleikis er í gjafavöruverslunum um land og í netverslun Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra – jolaoroinn.is

slf.is

Kærleikskúlan frumsýnd

Kærleikskúla ársins var frumsýnd 8. desember og fór í sölu 9. desember. Ágóði af sölu hennar rennur til reksturs sumarbúða í Háholti í Skagafirði undir merkjum Reykjadals í Modsfellsdal. Hugmyndafræði sumarbúðanna er sú sama og í sumarbúðum Reykjadals í Mosfellsdal; að ekkert sé ómögulegt og ævintýrin látin gerast. Vináttan er mikilvægur þáttur í starfseminni og mikið lagt upp úr því að gestir fái tækifæri til að eignast vini og séu fremstir meðal jafningja.

Kærleiks kúlan 2021

Kemur í verslanir 9. desember*

Sölustaðir á Norðurlandi:
Blómaval Akureyri, Casa Akureyri, Húsgagnahöllin Akureyri, Blóma- og gjafabúðin Sauðárkróki og Soroptimistar Húsavík.

Nánar á kærleikskúlan.is.

Sölutímabil: 9.–23. desember.

*takmarkað upplag.

GEFÐU UPPLIFUN

Jólagjöfin í ár!

GJAFABRÉÉ






originalnorth.is



Öðruvísi tjaldgisting í jólagjöf

Original North - Camp Boutique er lítið fjölskyldufyrirtæki sem staðsett er á Vaði í Þingeyjarsveit og er rekið af hjónunum Sigrúnu Vésteinsdóttur og Birki Sigurðssyni en Sigrún er fædd og uppalin á Vaði. „Fjölskyldan hefur frá byrjun hjálpast að við að gera þetta að veruleika," segir Sigrún.

Lúxustjöld á bökkum Skjálfandafljóts

Hjá Original North er í boði einstök gisting í lúxustjöldum á sumrin. Tjöldin eru fallega innréttuð, með húsgögnum, uppábúnum rúmum, hita og rafmagni. Á svæðinu er svo aðstöðuhús með snyrtingum og sturtum. Morgunmatur er framreiddur í sjarmerandi og uppgerðum sal sem áður þjónaði því hlutverki að vera hlaða. Boðið er upp á drykki og léttar veitingar á staðnum og er lagt upp úr því að gestir fái að smakka á heimagerðum afurðum.

Ásamt því að bjóða gistingu í tjöldum eru einnig í boði rafmagnsfjallahjólaferðir með leiðsögn um ægifagra bakka Skjálfandafljóts, Fossselsskóg og að Ullarfossi. „Þær ferðir hafa verið vinsælar og ekki skemmir fyrir þegar fólk fær að smakka á heimareyktum laxi eða silungi í ferðinni," segir Sigrún.

Sveitagisting og gönguskíði yfir vetrartímann

Sigrún segir rauða þráðinn í þjónustu þeirra vera að gestirnir upplifi upprunann, kyrrðina og náttúruna á notalegan hátt. „Það virðist hafa gengið vel í gesti okkar í þau þrjú ár sem við höfum boðið upp á þessa þjónustu en í sumar var fullbókað hjá okkur nánast alla daga," segir Sigrún.

Yfir vetrartímann bjóða þau hjón upp á gistingu í notalegu gömlu sveitahúsi á staðnum sem gert hefur verið upp en þar fær gamli tíminn að njóta sín í bland við þann nýja. Þar er hægt að njóta fallegrar náttúru með gönguferðum eða á gönguskíðum en þegar vel viðrar er troðin gönguskíðabraut fyrir áhugasama.



■ Lúxus í tjaldi. Gisting sem er einstök.



■ Gamla sveitahúsið á Vaði hefur verið gert upp í hlýlegum og skemmtilegum stíl. Þar er hægt að fá gistingu yfir vetrartímann.



■ Smakk af heimagerðum afurðum.



■ Tjöldin á Vaði eru á bökkum Skjálfandafljóts og umhverfið er sannarlega eitthvað fyrir augað.

Tilvalin jólagjöf

Þó svo að aðal vertíðin sé á sumrin þá er að mörgu að huga yfir vetrartímann hjá þeim hjónum en þau segja t.d. mikla sölu hafa verið í gjafabréfum fyrir jólin en þeir sem hafa áhuga á að gefa spennandi jólagjöf, hvort sem það er gisting í lúxustjaldi eða hjólaferð, geta geta sent tölvupóst á netfangið originalnorth@originalnorth.is eða farið inn á heimasíðuna www.originalnorth.is og fundið nánari upplýsingar.

originalnorth.is



Þú færð laufabraudið hjá okkur

Kristjánsbakarí aðstoðar þig við jólaundirbúninginn
– við tökum vel á móti þér

OPNUNARTÍMAR VERSLANA
HRÍSALUNDI & HAFNARSTRÆTI
Mán til fös 7:30-17 | Lau & Sun 8-16

braudgerd.is

braudgerdkristjans

KRISTJÁNS BAKARÍ



■ Kristján, Bjarki og Stefán hjá AB varahlutum á Akureyri.

AB varahlutir í Frostagötu

Við erum hættir að flytja, ég lofa!

Þriðja árið í röð verða jólin haldin á nýjum stað í AB varahlutum. Eftir að hafa haldið uppi stemningunni í Sjallanum um síðustu jól og áramót eru AB varahlutir búnir að koma sér fyrir í Frostagötu, hjá Norðurtorgi. AB varahlutir sérhæfa sig í öllu sem viðkemur bílnum með öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi. Góð efnavara, öruggt viðhald, hágæða varahlutir og bílstólar fyrir yngstu farþegana.

Við elskum snjóinn

AB varahlutir á Akureyri eru ekki aðeins varahlutaverslun, heldur fæst þar ýmislegt fleira fyrir veturinn og vetrarsportið. „Nú erum við fluttir á Frostagötuna í varanlegt húsnæði og við erum hættir að flytja okkur um set, ég lofa! Stiga sleðarnir eru alltaf klassísk jólagjöf, það er ekki hægt annað en að slá í gegn með því að gefa stærsta og harðasta pakkann," segir Andri Ríkharðsson, markaðsstjóri AB varahluta.

„Stiga sleðarnir henta þeim sem vilja leika sér í snjónum, en svo er líka fólk sem vill helst losna við snjóinn og þá eru snjóblásararnir frá Stiga málið." AB varahlutir á Akureyri sérhæfa sig einnig í öllu sem viðkemur vetrarsportinu og eru fyrsta stopp vélsleðafólks. „Hjá okkur færðu FXR sleðafatnaðinn sem er eitt vinsælasta merkið í sportinu, og auðvitað allt fyrir öryggið," segir Andri.

Öryggið fyrst, svo allt hitt

Á þessum árstíma er mikið um ferðalög og samverustundir hjá fjölskyldunni. „Við tryggjum að allir komist örugglega á milli staða. Hjá okkur er líklega langmesta úrval bæjarins af barnabílstólum, en hjá okkur fást Britax bílstólarnir sem er þekkt sem eitt öruggasta merki í heiminum í bílstólum," segir Andri. „Svo erum við auðvitað með jólagjafirnar fyrir allt bíladellufólk og dundara, eins og verkfæri og auðvitað varahluti, svona ef heitasta óskin er að koma bílnum í gegnum skoðun rétt fyrir áramótin."

akureyri.ab.is

KEA

Bragðið sem býr til jólin



Þegar kemur að jólasteikinni koma málamiðlanir ekki til greina. Þess vegna stólar fólk á okkur því þannig gengur það að gæðunum vísum. KEA hamborgarhryggurinn er sérlega safaríkur, bragðgóður og úr fyrsta flokks hráefni.


Velkomin til Akureyrar
við tökum vel á
móti ykkur!
WC
Sundlaug
Lystigarður
Listagil
Tourist Information
Tjaldsvæði
#loveakureyri
Kaupmannafélag
Akureyrar


Gjafabréf
SKÓGARBÖÐ
geothermal spa
GEFÐU UPPLIFUN OG ÓGLEYMANLEGA STUND.
ÞÚ FÆRÐ GJAFABRÉF Í SKÓGARBÖÐIN Á FORESTLAGOON.IS

Tónlistargjöf er góð hugmynd!

Samfylgd Tónabúðarinnar með Akureyringum og Norðlendingum nær allt aftur til ársins 1966 þegar Pálmi Stefánsson stofnaði verslunina á Akureyri og rak í áratugi. Sá merki maður lést fyrr á þessu ári, 84 ára að aldri og er hans sárt saknað. Tónabúðin í Glerárgötu 30 er full af hljóðfærum og vörum til tónlistarflutnings, upptökubúnaði, nótnabókum, hágæða heimilishljómtækjum og flestu því sem hugur tónlistarunnandans girnist. Tónlistargjöf hefur enda alltaf verið vinsæl á jólum, bæði fyrir börn og fullorðna.

Tónlistargjöfin sívinsæl

Trausti Ingólfsson, verslunarstjóri Tónabúðarinnar við Glerárgötu, segir vandalaust að finna jólagjöf tónlistarunnandands í versluninni. Aðstæður séu hins vegar óvenju krefjandi varðandi lagerhald og vöruúrval vegna truflana í framleiðslu og flutningum í heiminum síðustu mánuði.

„Framan af faraldri var ekki mikið mál að útvega og fá nánast hvað sem var af þeim vörum sem við bjóðum en síðustu mánuði hefur talsvert borið á skorti á vörum og töfum í afhendingu. Þetta á við um flesta framleiðendur og óháð því hvaða vöru um ræðir. Ef ekki er um að kenna íhlutaskorti, þá hafa flutningar heimshluta á milli raskast talsvert og tafir orðið á. Einnig hefur kostnaður við flutning aukist heiftarlega og er það að koma illa við framleiðendur sem og okkur dreifingar- og söluaðila. Við höfum gert hvað við getum til að taka á okkur þessar hækkanir í þeirri von að þetta snúist til betri vegar. En þrátt fyrir þetta er vöruúrvalið mikið hjá okkur og við finnum að tónlistargjöfin er góð hugmynd, sívinsæl og stendur alltaf fyrir sínu," segir Trausti.

Tónabúðin er rekin sem hluti af Hljóðfærahúsinu og reka verslanirnar tvær saman vefverslun á slóðinni www.hljodfaerahusid.is sem nýtur síaukinna vinsælda.

tonabudin.is



■ Gítarar í úrvali í Tónabúðinni.



■ Frumkvöðullinn Pálmi Guðmundsson, stofnandi Tónabúðarinnar, lést á árinu.



■ Upptökubúnaður nýtur vinsælda nú um stundir.



■ Fallegt trommusett frá Pearl.



■ Tónabúðin við Glerárgötu.

Rúbín

JÓLA KAFFI

Fínmalað og kaffibaunir

Jólin eru tíminn til að leyfa sér það besta,
Rúbín jólakaffið er sannkallaður munaður
og hreinn unaður að njóta.



Jólakaffi á sér langa sögu, eða allt frá árinu 1955. Kaffið hefur verið framleitt fyrir hver jól í takmörkuðu magni við miklar vinsældir.

Útlit á umbúðunum er nánast óbreytt frá fyrstu tíð og fangar jólaandann.

KAFFIBRENNSLAN AKUREYRI



■ Um Vaðlaheiðargöng hafa farið 27% fleiri en á sama tíma í fyrra.

Fleiri aka Vaðlaheiðargöng

Vaðlaheiðargöng voru formlega vígð 12. janúar 2019 en þau voru opnuð fyrir umferð 21. desember 2018. Á þessum tæpu þremur árum hefur hlutur Vaðlaheiðarganga í umferð milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals aukist töluvert. Það sem af er þessu ári hafa ríflega 80% umferðar milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals verið um Vaðlaheiðargöng, sem er ívið meira en í fyrra og um 5% hærra hlutfall en árið 2019.

Að sjálfsögðu setti covid-faraldurinn umtalsvert strik í reikninginn með umferð um Vaðlaheiðargöng árið 2020 sem skýrist af því að skyndilega voru fáir erlendir ferðamenn á ferð um landið. En það sem af er þessu ári hefur þeim fjölgað umtalsvert, þó þeir séu fjarri því að vera eins margir og árið 2019.

Ekki þarf að hafa um það mörg orð að fyrir rekstur margra ferðaþjónustufyrirtækja eru erlendir ferðamenn hryggjarstykkið og þeir skipta líka miklu máli fyrir fyrirtæki eins og Vaðlaheiðargöng. Til marks um það hafa veggjöld af erlendum greiðslukortum það sem af er þessu ári staðið undir rekstrarkostnaði ganganna á árinu.

Bandaríkjamenn eru fjölmennastir erlendra ferðamanna sem hafa ekið um göngin á þessu ári, sem kemur ekki á óvart því þeir hafa verið þjóða ötulastir við að sækja Ísland heim á árinu.

Umferðin um Vaðlaheiðargöng hefur það sem af er þessu ári verið um 27% meiri en á sama tíma í fyrra og rétt um 1% meiri en árið 2019. Fyrirspurnum um greiðslufyrirkomulag í göngin hefur fækkað umtalsvert sem gefur til kynna að það vefjist í æ minna mæli fyrir notendum ganganna.

veggjald.is

Þjónusta alla leið á sjó og landi












N1
Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



Þétt net þjónustu

N1 þjónar íslenskum sjávarútvegi með þéttu neti afgreiðslustaða um allt land og sér sjávarútvegsfyrirtækjum, stórum og smáum, fyrir eldsneyti, smurolíu, efnavöru og vönduðum vinnufatnaði.

Verslanir N1 um land allt og vefverslun.n1.is

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ



■ Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu.

Kjölur stéttarfélag stækkar

Með þessum sameiningum erum við að ná því markmiði sem við settum okkur þegar við hófum um aldamótin að ræða um að sameina starfsmannafélögin á landsbyggðinni í stórt félag. Sú vinna leiddi til þess að Kjölur varð til árið 2004. Ég neita því ekki að ég hefði auðvitað óskað þess að þetta hefði gerst hraðar en er mjög ánægð með að þessum áfanga er nú náð," segir Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu, um sameiningu félagsins við fjögur önnur stéttarfélög á landsbyggðinni sem nú er orðin að veruleika.

Félögin sem um ræðir eru Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Fjallabyggðar og Starfsmannafélag Fjarðabyggðar. Félagssvæði Kjalar er nú nánast samfellt frá Borgarfirði í vestri, vestur og norður um til Austfjarða og eru félagsmenn eftir sameininguna um 2000. Höfuðstöðvar Kjalar eru á Akureyri og er félagið eftir sameiningu annað stærsta aðildarfélag BSRB.

Mikil breyting á félaginu

Arna Jakobína segir umtalsverða breytingu verða í starfsemi Kjalar stéttarfélags með þessari stækkun félagsins.

„Ásýnd félagsins breytist, félagsmönnum fjölgar verulega, félagið hefur meiri burði til að veita félagsmönnum þjónustu og þróa hana, t.d. hvað varðar upplýsingamiðlun og rafræna þjónustu. Sama á við hvað varðar réttindagæslu, aðstoð við félagsmenn þegar upp koma álitaefni um réttindamál, kjarasamningagerð, starfsmenntamál og margt fleira. Fyrst og fremst tel ég þetta vera stórt skref fyrir félagsmenn Kjalar," segir Arna Jakobína.

Áhugi á félagsstarfinu eykst

Þegar Kjölur stéttarfélag var stofnað árið 2004 sameinuðust fimm bæjarstarfsmannafélög á Norður- og Vesturlandi, þar á meðal Starfsmannafélag Akureyrarbæjar (STAK) og árið 2014 bættist Starfsmannafélag Skagafjarðar við. Að meðtöldum sameiningunum á síðustu vikum hafa því 10 stéttarfélög sameinast í Kjöl stéttarfélag.

„Í ljósi reynslunnar er ég þess fullviss að þessar sameiningar efla stéttarvitundina og auka áhuga fólks á að taka þátt í starfi Kjalar. Það sjáum við til dæmis greinilega í hópi okkar öflugu trúnaðarmanna. Þegar allt kemur til alls þá snúast svona sameiningar um að fólk er að sækjast eftir meiri þjónustu í öllu því sem stendur félagsmanninum næst," segir Arna Jakobína.

KRÓNAN

Gleðilega hátíð!

Hlökkum til að eiga gleðilega gul jól saman á næsta ári.



Pssst ...

Við opnum á Hvannavallarreit síðla árs 2022

www.kronan.is

Vinylplatan slær aftur í gegn



■ Kristján Loftur Jónsson, afgreiðslumaður, gluggar í eina af jólabókunum. Lestrarhestar munu fá nóg af fóðri um þessi jól.

Jólastemningin er alls ráðandi hér hjá okkur og vaxandi straumur fólks í verslunina. Vörurúrvalið hjá okkur er í stöðugum vexti því auk bóka og ritfanga bjóðum við leikföng, spil, gjafavöru og húsgögn. Þá má ekki gleyma vinylplötunum en við erum með gott úrval af þeim, bæði með nýrri og eldri tónlist," segir Guðný Ketilsdóttir, verslunarstjóri í Pennanum Eymundsson á Akureyri.

Vörurnar sendar heim

Hún segir að mikil aukning hafi orðið í vefverslun að undanförnu. „Við sjáum það greinilega að fólk verslar meira á netinu núna. Við erum með heimsendingu kl. 16-17 innan Akureyrar og ef verslað er fyrir 10.000 krónur eða meira þá er heimsendingin frí," segir Guðný.

Nú eru flestar jólabækurnar komnar í hús og segir Guðný mikla og jafna sölu vera í þeim. „Það virðist vera mikil gróska í bókaútgáfunni og alltaf að koma fram nýir höfundar í bland við þá sem eru reynslunni ríkari. Þótt maður komist ekki yfir að lesa allar nýjar bækur fyrir jólin þá sýnist mér úrvalið fyrir þessi jól vera mjög áhugavert."



■ Danska HAY vörulínan hjá Pennanum Eymundsson hefur sannarlega heillað Norðlendinga. Allt frá gjafavöru upp í húsgögn.

HAY vörurnar vinsælar

Á efri hæð Pennans Eymundsson í Hafnarstrætinu eru húsgöng og gjafavara af ýmsu tagi til sölu. „Við höfum fyrir skömmu sölu á frábærum dönskum vörum frá HAY. Í þeirri deild er hægt að fá breitt úrval af m.a. sófum, stólum, lömpum og borðum auk þess sem í línunni er að finna baðherbergis- og eldhúsvörur – já meira að segja tannbursta!"

Guðný segir að vegna hins mikla vöruúrvals sem sé nú í Pennanum Eymundsson segi gárungarnir að versunin sé farin að minna á gott kaupfélag. „Við erum ánægð með þá nafngift því við viljum að viðskiptavinirnir geti fengið hér sem mest við sitt hæfi."

penninn.is

RAFEYRI
alltaf í stuði!

Starfsmenn Rafeyrar óska Akureyringum, sem og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

RAFEYRI EHF
NORÐURTANGA 5
600 AKUREYRI
SÍMI 460 7800
rafeyri@rafeyri.is
www.rafeyri.is

Jólaóróinn 2021

Hönnun:
Arnar&Arnar.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

Ljóð:
Kristín Svava Tómasdóttir.

ÞVÖRUSLEIKIR

Sölutímabil Þvörusleikis er 2.—16. desember:

Söluaðilar:
Blómaval Akureyri
Casa Akureyri
Húsgagnahöllin Akureyri
Blóma- og gjafabúðin Sauðárkróki
Soroptimistar Húsavík

jolaoroinn.is

Allur ágóði af sölunni rennur til starfs í þágu fatlaðra barna og ungmenna.

Takmarkað upplag.





■ Norðlenskur vetur, norðlenskur bjór og sannkölluð jóla stemning í Bjórböðunum á Árskógssandi. Myndir: katlaphotography á Instagram

Jólahald með Jóla Kalda

Hefðir eru órjúfanlegur hluti undirbúnings jólanna og sjálfs jólahaldsins, hefðir í siðum, mat og drykk. Vitanlega erum við hvað stoltust af því sem íslenskt er og þá kemur hangikjötið strax upp í hugann. Íslenskur jólabjór er einnig orðinn rammíslensk hefð og þar er Jóla Kaldi, framleiðsla Bruggsmiðjunnar á Árskógssandi, einn sá allra þekktasti. Enda hefur Jóla Kaldi verið framleiddur fyrir hver jól í meira en áratug, frá árinu 2008.

Og nú líka í dósum

Jóla Kaldi naut strax mikilla vinsælda meðal íslenskra bjórunnenda og jólasælkera. Bruggsmiðjan bætti árið 2015 við annarri tegund jólabjórs í vörulínu sína þegar Súkkulaði Porter kom á markað.

Mikil og ör þróun hefur verið hjá Bruggsmiðjunni í gegnum árin og var á árinu 2020 stigið tímamótaskref þegar verksmiðjan tók í notkun vélbúnað til framleiðslu á bjór í áldósum. Eftir sem áður verða allar vörutegundir áfram í boði í flöskum en dósabjórinn er í stöðugri sókn. Nú fæst Jóla Kaldi í dósum í fyrsta sinn á öllum útsölustöðum Vínbúðanna.



■ Bruggsmiðjan framleiðir nú Jóla Kalda fjórtánda árið í röð.

Hefur sjaldan verið betri

„Jóla Kaldi er einn af okkar stærstu vörumerkjum og við erum spennt á hverju hausti að sjá hvernig til tekst í brugguninni. Ég verð að segja að Jóla Kaldi árið 2021 er í fremstu röð. Þetta er mjög góður árgangur, þó ég segi sjálf frá," segir Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar, og segist afar stolt af því að bjóða neytendum íslenskan bjór árið um kring.

„Það skiptir alltaf máli að velja íslenska framleiðslu, ferska vöru framleidda úr gæðavatni sem í okkar tilfelli kemur úr lindum í Sólarfjalli," segir Agnes.



■ Kaldi á sér dyggan aðdáendahóp.

Í ár bættist nýtt verkefni við hjá Bruggsmiðjunni þegar fyrirtækið hóf pökkun á vatnsdrykknum Klaka fyrr heildverslun Rolf Johansen. „Ég hef mikla trú á framtíðinni og vaxandi tækifærum eftir því sem áhrif faraldursins dvína," segir Agnes.

bruggsmidjan.is



Kähler aðventustjaki 8.690,-



Specktrum Meadow Swirl vasi 7.190,-



Kartell Space
hleðslulampi
37.900,-



Kartell Componibili
3 hæða matt 26.900,-



OYOY Toppu skál
9.990,-



Jólatröll mamma
Verð 6.990,-



Kay Bojesen
jólasveinn12.590,-



Kartell Toy Moschino
lampi gold 45.900,-



Rosenthal kökubox
3. stk. 4.990,-



Skagerak
skurðarbretti
40x24 14.900,-

Þú færð jólagjöfina í Casa



Stoff kertastjaki
6.290,- stk.



Robert Welch tertuspaði og
fjórir gafflar 5.990,-



Design Letters Favorite
bollar 3.290,- stk.



Crush Couple kertastjaki 7.990,-
Crush Single kertastjaki 5.590,-
Curly kerti 1.990,- 4. stk.



Rosendahl Grand Cru
vínkælir gunmetal
12.490,-



RCR Opera
Viskísett karafla og
tvö glös 4.990,-



Ritzenhoff
kampavínsglas
2.850,-



ASA ostahnífar
3. stk. 3.990,-



Bialetti Moka
Induction
frá 6.390,-



Stelton TO GO
ferðamál
frá 4.590,-

Casa

Skeifan 8 | Kringlunni | Glerártorgi | Sími 588 0640 | casa.is

66N Krakkar við Skipagötu



Verslanir 66N á Akureyri eru tvær, þ.e. í Hafnarstræti 97 og í Skipagötu 9 þar sem var á fyrir skömmu opnuð sérverslun með framleiðslu fyrirtækisins fyrir yngstu kynslóðina. Þar er hægt að fá allt frá t.d. kerrupokum, heilgöllum og hlýjum samfellum fyrir þau allra yngstu upp í peysur, úlpur, buxur, húfur, vettlinga og margt fleira fyrir ærslafulla krakka í útivist.

66N.is





Nýárstónleikar í Hofi

Þann 15. janúar fagnar Sinfóníuhljómsveit Norðurlands nýju ári með stæl þegar blásið verður til nýárstónleika undir stjórn Daníels Þorsteinssonar menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Til liðs við sveitina koma stórsöngvararnir Þóra Einarsdóttir, Andri Björn Róbertsson, Hanna Dóra Sturludóttir og Dagur Þorgrímsson.

Stjórnandinn Daníel Þorsteinsson er vel kunnur í tónlistarlífi á Norðurlandi og raunar um allt land. Eftir tónlistarnám í Neskaupstað og Reykjavík fluttist hann til Hollands og árið 1993 lauk Daníel prófi í píanóleik og kennslufræðum frá Sweelinck tónlistarháskólanum í Amsterdam. Hann býr nú í Eyjafjarðarsveit, hefur starfað við hljóðfæraleik, kennslu, kór- og hljómsveitarstjórn, auk tónsmíða, undanfarna áratugi og m.a. verið meðlimur í Caput hópnum frá upphafi. Daníel lauk á dögunum meistarprófi í tónsmíðum frá tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Dagskráin sem Daníel hefur sett saman fyrir tónleikana í Hofi verður



■ **Fjölbreytt efnisskrá verður á nýárstónleikunum þar sem fjórir af fremstu söngvurum landsins koma fram.**

fjölbreytt og skemmtileg, eins og vera ber á nýárstónleikum. Fluttir verða valsar, polkar og forleikir, sem og aríur eftir tónskáld á borð við Johann Strauss, Sergei Prokofiev og fleiri. Þá verður einnig frumflutt á tónleikunum Fantasía um Ólaf Liljurós sem Michael



■ **Daníel Þorsteinsson, stjórnandi.**

Jón Clarke samdi sérstaklega af þessu tilefni. Sjálfur verður hann í hlutverki veislustjóra á kynningu á persónum og leikendum tónleikanna en sú dagskrá hefst klukkustund fyrir tónleikana.

mak.is

Jólagjafir



Yamaha
P-45 rafpíanó
Verð: 89.990



Presonus
heimastúdíópakki
Verð: 38.990



Presonus
Revelator
USB hljóðnemi
Verð: 26.392



Akai
MPK mini3
USB controller
Verð: 18.990



Presonus
Eris E3,5 m. bluetooth
Verð: 20.792



Yamaha
Stage Custom
Verð: 179.990



Yamaha
GL1 Guitarlele
Verð: 18.990



Fender
rafgítarpakki
Verð frá 57.990



-Tónlist er fyrir alla-



Fender
rafbassapakki
Verð: 59.990

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Síðumúla 20 | 108 Reykjavík | Sími 415 5600
www.hljodfaerahusid.is

Stofnað 1916

TÓNABÚÐIN
Glerárgötu 30 | 600 Akureyri | Sími 462 1415
www.tonabudin.is

Stofnað 1966

Herrafatakaupmenn í jólaskapi

Þegar herrar ætla að vera virkilega fínir til fara, sama á hvaða aldri þeir eru, þá klæðast þeir fallegum jakkafötum. Það er ekkert sem toppar jakkafötin og þau eigum við í miklu úrvali, líkt og allt annað í herrafatnaði," segir Jón M. Ragnarsson í verslunum JMJ og Joe's við Gránufélagsgötu.

Jólaverslunin er komin í fullan gang og segist Jón mjög bjartsýnn á komandi vikur.

Jólaverslunin einstakur tími

„Við höfum búið okkur vel undir jólaverslunina eins og við gerum alltaf. Hér er enginn vöruskortur," segir hann brosandi og viðurkennir fúslega að það komi firðingur í hann og starfsmennina í JMJ og Joe's þegar kemur fram á þennan árstíma.

„Ég trúi ekki að það finnist nokkur kaupmaður sem ekki nýtur starfsins í aðdraganda jóla. Maður skynjar jólaskapið hjá viðskiptavinum og hér leggjum við líka mikið upp úr því að skreyta mikið, bæði úti fyrir með jólaljósum og jólatrjám, sem og innandyra. Héðan viljum við að viðskiptavinir fari sælir og glaðir með sínar vörur og okkar þjónustu. Ég held að okkur takist vel að skapa þá upplifun," segir Jón.

Karlmenn vita hvað þeir vilja


Þjónusta JMJ og Joe's má segja að nái yfir aldurshóp karlmanna frá unglingsárum og upp úr. Jón segir tískubylgjur og íhaldssemi blandast saman í herrafötunum. Dæmi um klassísk föt eru svörtu og gráu jakkafötin.

„Mestu umskiptin sjáum við hjá yngstu karlmönnunum á síðari árum. Í eina tíð þekktist ekki að klæða sig upp fyrir t.d. útskrift úr grunnskóla. Svo fóru stúlkurnar að koma í fallegum kjólum og nokkrum árum síðar komu jakkafötin hjá strákunum. Núna eru ungir menn mjög meðvitaðir í fatavali og það kemur oft fyrir að þeir koma með myndir í símanum sínum af einhverjum fyrirmyndum og vilja klæðast eins. Það geta verið leikarar, fótboltastjörnur eða bara James Bond! Ungir sem og eldri karlmenn hafa upp til hópa miklar skoðanir og hugmyndir um hvað þeir vilja í fatnaði og okkar hlutverk er alla daga að uppfylla þær væntingar. Það gerum við með mikilli ánægju," segir Jón.

facebook.com/jmjakureyri



■ **Jólaverslunin er komin í fullan gang hjá afgreiðslumönnunum í JMJ og Joe's. Þar fá ungu herrarnir jafnt sem þeir eldri fötin fyrir hátíðarnar. Frá vinstri: Ragnar Sverrisson, Jón M. Ragnarsson og Kjartan Jósavinsson.**



Bætt hreinlæti
í nýjum heimi

Þarftu að aðlaga þig að breyttum heimi?

Auknar kröfur til fyrirtækja um bætt hreinlæti, betri sóttvarnir og umhverfisvænar lausnir kalla á nýja nálgun.

Lausnir sem stuðla að betri heilsu starfsfólks og viðskiptavina.

Hafðu samband og fáðu ráðgjöf.

Hreint
RÆSTING

hreint.is s: 589 5000 hreint@hreint.is

2017_2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Skógarböðin taka á sig mynd

Við finnum fyrir miklum áhuga á byggingu Skógarbaðanna og fáum mikið af fyrirspurnum. Ég er sannfærð um að fólk mun taka þessum stað fagnandi," segir Sigríður Hammer sem er ásamt eiginmanni sínum, Finni Aðalbjörnssyni, í fararbroddi þeirra sem standa að byggingu Skógarbaðanna, nýs baðstaðar í landi Ytri-Varðgjár, gegnt Akureyri. Framkvæmdir eru þar í fullum gangi og hafa verið frá því í byrjun sumars. Stefnt er að opnun í febrúar.



■ Forsvarsmenn Skógarbaðanna finna fyrir miklum áhuga tilvonandi gesta. Nú þegar er hægt að kaupa gjafabréf í böðin.

Framkvæmdir í fullum gangi

„Tíðarfarið skiptir okkur miklu máli en nú er bæði unnið utandyra og innanhúss. Vonandi fáum við marga milda daga á næstunni til að ljúka stórum áföngum í útivinnunni," segir Sigríður.

Skógarböðin eru, eins og nafnið bendir til, umvafin trjágróðri, mikið skjól en um leið verður mikið útsýni frá staðnum. Sigríður segir að líkt og búast hafi mátt við hafi nokkrar breytingar orðið á stærð og útfærslu baðanna eftir að framkvæmdir hófust. Þannig hafa bæði þjónustuhús og útilaug stækkað.

„Ég held að það sé einmitt mikilvægt í svona verkefni að nýta tækifæri sem opnast eftir að framkvæmdir eru hafnar, tækifæri sem voru ekki endilega fyrirséð í byrjun," segir Sigríður.

Gjafakort komin í sölu

Fyrsta útgáfa heimasíðu Skógarbaðanna er nú komin í loftið og þar er hægt að kaupa aðgangsgjafakort í nokkrum útfærslum. Slóðin er forestlagoon.is


„Bæði fyrirtæki og einstaklingar hafa mikið spurt um möguleika á gjafakortum til jólagjafa síðustu vikur og það sýnir hversu mikill áhuginn er. Sem er mjög ánægjulegt og mikil hvatning fyrir okkur," segir Sigríður.

Á dögunum var tilkynnt um ráðningu framkvæmdastjóra Skógarbaðanna sem er Tinna Jóhannsdóttir, markaðsfræðingur. Hún mun taka til starfa 1. mars en Tinna kemur úr starfi markaðsstjóra Smáralindar og því reynslumikil á þessu sviði.

forestlagoon.is



■ Laugarsvæði Skógarbaðanna verður rúmgott og skemmtilegt.



© DAGSKRAIN

JMJ og Joe´s eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri



■ Nú er hægt að koma með notaðan Lindex útifatnað barna í endursölu hjá Lindex á Glerártorgi.

Gefðu það áfram í Lindex Glerártorgi

Jólin eru uppáhaldstími starfsfólks í Lindex þar sem verslunin fyllist af náttfötum, undirfötum, sparifötum, skemmtilegum barnafatnaði og svo má ekki gleyma jólapeysunum sem hafa slegið í gegn undanfarin ár og verður jólatímabilið í ár engin undantekning. Hlýir inniskór og mjúkar vetrarflíkur verma jólabörnin ung sem og þá sem eldri eru.

Framhaldslíf Lindex flíka

Það er ánægjulegt að geta þess að nú fá uppáhalds flíkurnar þínar framhaldslíf í Lindex Glerártorgi en í fyrsta sinn er nú hægt að afhenda notaðar flíkur til endursölu í Lindex. „Lindex Second Hand“ er nú orðið að veruleika hér fyrir norðan en tekið er á móti notuðum fötum barnanna og þeim leyft að eignast nýja vini. Með þessu móti er Lindex að skapa sjálfbærari framtíð í krafti sinna frábæru viðskiptavina og þannig loka hringnum ef svo má að orði komast.



■ Það að flíkur fái framhaldslíf fellur að markmiðum um sjálfbærari framtíð.

MORE meðlimum velkomið að koma með flíkurnar til endursölu

Um er að ræða Lindex útifatnað barna í stærðum 50-170, þveginn og í góðu ástandi en einfaldast er að hugsa það eins og þú myndir sjálf/sjálfur vilja kaupa viðkomandi flík sem má vera að hámarki 3ja ára. Sagt er að umhverfisvænasta flíkin er sú sem er notuð lengst og með þessu móti stuðlum við öll að sjálfbærari framtíð.




■ Jólin eru uppáhaldstími starfsfólksins í Lindex.

Frekari upplýsingar má nálgast á vef lindex.is undir leitarorðinu „Gefðu það áfram“.

lindex.is





Öruggari leið

í gegnum Vaðlaheiðargöng

VEGGJALD.IS
VAÐLAHEIÐARGÖNG

464 1790 veggjald@veggjald.is





20%
AFSLÁTTUR

DÚNMJÚKAR GJAFIR
FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM



PREMIUM DÚNKODDI
Stærð: 50 x 70 cm (800 gr).
Fylling: 50% andardúnn og 50% smáfiður.
Áklæðið utan um koddann er úr 100% lífrænum bómull.

13.520 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 16.900 kr.

PREMIUM DÚNSÆNG
Stærð: 140 x 200 cm. (600 gr).
Fylling: 50% andardúnn og 50% smáfiður.
Einnig fáanleg 140 x 220 cm og 200 x 220 cm.

19.920 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð 140 x 200 cm: 24.900 kr.



SAMSO DÚNSÆNG
Hágæða moscus dúnsæng úr 90% dún og 10% smáfiðri. Ofnæmisfrí og gerð úr 100% lífrænum bómull. Dúninn er hitsprengdur og dauðhreinsaður. Umbúðir unnar úr endurvinnanlegu efni.

36.720 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 45.900 kr.



LUXURY OUTLAST HITAJÖFNUNARKODDI
Stærð: 50 x 70 cm. (600 gr).
Fylling: 90% dúnn og 10% smáfiður.
Dúnkoddi með outlast efni sem heldur réttu hitastigi alla nóttina. Outlast efnið dregur í sig hitann þegar þér er heitt en gefur af sér hita þegar þér er kalt.

19.920 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 24.900 kr.



LUXURY DÚNKODDI
Stærð: 50 x 70 cm (750 gr).
Fylling: 60% dúnn og 40% smáfiður.
Þykkur og góður koddi.

13.520 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 16.900 kr.



AARØ MOSCUS HEIT DÚNSÆNG
Hlý og góð moscus dúnsæng (725 gr). 90% dúnn, 10% smáfiður. 100% bómullaráklæði.

39.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð 140 x 200 cm: 49.900 kr.

Akureyri
Dalsbraut 1
558 1100

11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

www.husgagnahollin.is
www.betrabak.is
www.dorma.is



kosy

WALK HAPPY

BARA Í BETRA BAKI



STORMUR

HEILSUINNISKÓR

9.900 kr.

RAUÐIR	STÆRÐIR: 37–42
BLÁIR	STÆRÐIR: 36–42
BLEIKIR	STÆRÐIR: 35–42
LJÓSIR	STÆRÐIR: 35–42
GRÁIR	STÆRÐIR: 35–47

BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

Með NÝU svæða nuddinnleggi STORMS nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri, ljósri, blárri, bleikri eða rauðri merínóull.



OUR 9 PRESSURE POINTS

BYLTINGAKENNT 9 SVÆÐA NUDDINNLEGG ÚR LEÐRI

DREGUR ÚR SPENNU & EYKUR BLÓÐFLÆÐI

1. MJÓBAK & HRYGG
2. NÝRU & HNÉ
3. STUÐNINGUR VIÐ LANG-BOGANN & MJÓBAK
4. LUNGU, HJARTA & FRAMRISTAR-BEIN
5. ENNISHOLUR
6. HÖFUÐ
7. HÁLS
8. AUGU
9. EYRU

DORMA
Láttu draumin rætast
Betra BAK
HÚSGAGNA HÖLLIN



■ Hlýjar og mjúkar samfellur fyrir þau minnstu.



■ Fatnaður fyrir börn og fullorðna í Ullarkistunni.

Ný vörulína fyrir íslenskan markað

Aðventan er alltaf skemmtilegur tími í búðinni, það er mikið að gera og stemmningin svo létt og góð," segir Margreta Björke, eigandi Ullarkistunnar á Glerártorgi. Þar er seldur fatnaður úr Merino ull sem hefur marga góða eiginleika, hann er mjúkur, hlýr, fallegur og endingargóður, auk þess að valda ekki kláða. „Ullin er mjög létt og nýtur ekki hvað síst vinsælda vegna þess, hún andar og þornar hratt."

Margreta segir ánægjulegt að sjá viðskiptavini koma ár eftir ár til að kaupa jólagjafir í Ullarkistunni, en þær komi sér alltaf vel í íslenska vetrinum og hitti því í mark hjá þeim sem þyggja. Afar og ömmur kaupa gjarnan gjafir fyrir yngstu kynslóðina í versluninni, en bæði er hægt að kaupa þar utanyfirfatnað og smávörur á borð við t.d vettlinga sem oft fylgja með sem auka- eða skógjafir. „Það eru margir sem hafa þann sið að kippa einhverju smáu og fallegu með í pakkann," segir hún.

Ný lína fyrir börn og ungmenni á leiðinni

Ullarkistan á einmitt um þessar mundir von á sendingu með nýrri línu sem var sérframleidd fyrir íslenskan markað og eru allir mjög spenntir að hún berist til landsins.



■ Eydís Ágústa Jóhannesdóttir og Margreta Björke í verslun Ullarkistunnar á Glerártorgi.

„Því miður urðu tafir á afgreiðslu hjá okkar birgjum en við treystum á að nýi varningurinn verði kominn tímanlega fyrir jól og erum mjög spennt að fá hann í hendur. Þar er meðal annars ný lína fyrir börn og ungmenni; nærbolir, leggings, renndar peysur og lambhúshettur svo eitthvað sé nefnt auk þess sem þar verður líka sitthvað fyrir fullorðna," segir Margreta.

Viðskiptavinir bíða spenntir, segir hún og „við erum þakklát fyrir hvað þeir eru þolinmóðir og skilningsríkir. Það verður mjög gaman þegar við getum komið þessum nýju vörum fyrir, við hlökkum mikið til."

Ullarkistan býður einnig upp á netverslun þar sem hægt er að skoða úrvalið og versla.

ullarkistan.is

vfs.is



GEFUM HARÐA PAKKA

RYOBI 18V ONE+

EIN RAFHLAÐA

+ öll verkfæri fyrir heimilið, bílskúrinn og garðinn

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

Bætt hreinlæti í nýjum heimi

Við finnum fyrir kröfum frá okkar viðskiptavinum um bætt hreinlæti og nýjar lausnir til að takast á við breyttan heim í þessum heimsfaraldri sem nú gengur yfir," segir Eydís Björk Davíðsdóttir, svæðisstjóri Hreint ræstinga á Norðurlandi, um störf fyrirtækisins á krefjandi tímum.

„Þetta hefur leitt til þess að við bjóðum núna fjölda viðskiptavina reglulegar sótthreinsanir sem eru framkvæmdar af sérþjálfuðu starfsfólki. Einnig hafa NanoSeptic vörurnar slegið í gegn, en þær eru settar á sameiginlega snertifleti og hreinsa sig sjálfar í allt að 90 daga. Við finnum fyrir auknum vilja fyrirtækja að hugsa meira um heilsu og öryggi starfsfólks og viðskiptavina og þau treysta okkur til að koma með lausnir sem henta þeim. Fyrir það traust erum við mjög þakklát," segir Eydís Björk.

„Við erum ákaflega stolt af starfsfólkinu okkar og teljum það meðal þeirra sem eru í framlínunni í þjóðfélaginu. Oft hefur þetta fólk þurft að ræsta við erfiðar og krefjandi aðstæður vegna faraldursins. Þess vegna er auðvelt að halda því fram að mikilvægi þess að hafa góða og umhverfisvottaða ræstingu hafi aldrei verið meira."

Fjöldi viðurkenninga

Árið hefur verið viðburðaríkt á sviði viðurkenninga og vottana fyrir Hreint en nýverið lauk það jafnlaunavottun og er nú vottað til 2024. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Einnig fékk Hreint viðurkenningu sjöunda árið í röð frá Creditinfo fyrir að vera framúrskarandi fyrirtæki 2021 og einnig hlaut fyrirtækið viðurkenningu frá Viðskiptablaðinu og Keldunni fimmta árið í röð fyrir að vera fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri 2021.

„Við erum alltaf jafn stolt af þessum viðurkenningum og vottunum. Á bak við þær er frábær vinna hjá starfsfólki Hreint sem leggur sig fram alla daga í að veita góða þjónustu og er lausnamiðað á krefjandi tímum. Við finnum að þetta styrkir okkar góða orðspor og laðar þannig að nýja viðskiptavini, sem er mjög ánægjulegt. Það eru ekki mörg fyrirtæki sem hafa verið rekin á sömu kennitölunni síðan 1983 og geta státað af því að vera með framúrskarandi rekstur sjö ár í röð," segir Eydís.

hreint.is



■ Eydís Björk Davíðsdóttir svæðisstjóri Hreint ræstinga á Norðurlandi.



Joe´s og JMJ eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri



■ Litadýrðin er að aukast í húsgögnunum.



■ Margir nota tækifærið í tilefni hátíðanna og endurnýja rúmið.



■ Allt fyrir hátíðarborðið og jólapakkann.

Allt sem prýðir heimilið

Við bjóðum afar breitt vöruúrval. Hjá okkur má finna allt sem prýtt getur fallegt heimili, en við erum hér með þrjár verslanir undir sama þaki," segir Ragna Þórisdóttir verslunarstjóri hjá Húsgagnahöllinni en í rúmgóðri verslun við Dalsbraut eru einnig verslanirnar Dorma og Betra Bak.

Ragna segir að eitthvað hafi borið á vöruskorti í landinu sem rekja megi til heimsfaraldursins en segir jafnframt að þau eigi mjög góðan lager af flest öllu.

Jólakvöldið vel heppnað

Ragna segir að jólakvöld Húsgagnahallarinnar hafi verið haldið við mikla ánægju viðskiptavina sem áttu notalega kvöldstund í versluninni. „Það var virkilega gaman að geta haldið jólakvöldið á ný en það féll niður í fyrra vegna faraldursins," segir hún. Þessi kvöld séu alltaf skemmtileg.

Árið sem senn líður hefur gengið vel, en Ragna segir fólk vilja hafa fallegt í kringum sig og fegra heimili sín sem kostur er. „Við leggjum okkur fram um að veita góða þjónustu og hlökkum til að fá viðskiptavini til okkar á aðventunni," segir hún.

Þess má geta að Húsgagnahöllin þjónustar landsbyggðina vel og býður flutning á vörum hvert á land sem er á sanngjörnu verði, en aðeins eitt gjald er á flutningi með Flytjanda og er það 14.900.- kr.

husgagnahollin.is
betrabak.is - dorma.is



■ Starfsfólkið í Húsgagnahöllinni við Dalsbraut er komið í jólaskapið. Frá vinstri: Hrafnhildur Þórhallsdóttir, Ragna Þórisdóttir, Kristinn Helgi Ólafsson og Bjarki Jónasson.



■ Hvort sem eru húsgögn eða gjafavara þá er úrvalið mikið í versluninni.


Fróm
Sigildu jólasmákökurnar


Jól
2021
Óskum viðskiptavinum okkar og
landsmönnum öllum gleðiríkrar
jólahátíðar og farsældar á nýju ári.
Þökkum góð samskipti
á árinu sem er að líða.
Starfsfólk Norðurorku
NORÐURORKA
VIRÐING – FAGMENNSKA – TRAUST

Íslenskum hönnuðum gert hátt undir höfði

Við Akureyringar viljum gjarnan hafa góðar og fallegar verslanir í heimabyggð og því þreytist ég aldrei á því að hvetja fólk til að styðja þær verslanir sem eru í rekstri í byggðarlaginu," segir Katrín Káradóttir eigandi Kistu, sérverslunar með hönnunarvörur af ýmsu tagi en hún er í Menningarhúsinu Hofi.

Katrín kveðst sjálf áhugasöm um að skoða litlar sérverslanir þegar hún er á ferðinni, verslanir þar sem eigandinn hefur valið inn vörur sjálfur og finna má fjölbreytt úrval líkt og raunin er á í Kistu. Þar er gjafavara, hönnun og handverk í úrvali, skartgripir og fatnaður eftir íslenska og erlenda hönnuði.

Mikil fjölbreytni

Katrín segir að fyrst og fremst leggi hún áherslu á að gera íslenskum hönnuðum hátt undir höfði og hefur hún í gegnum árin kynnt til sögunnar nýja hönnun á ýmsum sviðum, skartgripi, gjafavöru og fatnað. „Fjölbreytni er mikil um þessar mundir í íslenskri hönnunarvöru og gaman að geta boðið upp á þetta mikla og flotta úrval," segir hún en viðskiptavinir kunni vel að meta það. Katrín segir auðvelt að gleyma sér um stund við að skoða það sem er í boði. „Mér finnst stemningin hjá Íslendingum í þessum kórónuveirufaraldri vera áþekk og var eftir hrun, við erum að horfa á það sem landsmenn eru að gera og reyna að styðja við íslenska framleiðslu."

Katrín segir að aukið úrval skartgripa megi nú finna í versluninni, m.a. frá íslenskum hönnuðum eins og Mjöll og my letra, Óskabönd, Hlín Reykjalín og Hring eftir hring. Þá eru kertastjakar og skrautmunir eftir FINNSDÓTTUR líka í úrvali og skinnvörur af öllu tagi frá Feldi. Danskri hönnun er einnig gert hátt undir höfði en vörur frá Ilse Jakobsen eru fáanlegar í Kistu,




■ Katrín Káradóttir í versluninni Kistu í menningarhúsinu Hofi. Fallegir kjólar eru meðal þess sem finna má í Kistu.



■ Myndin af Kolbeini Kafteini og Tinna í miðbæ Akureyrar þarf auðvitað að vera til á hverju heimili í bænum!

regnkápur, gúmmístígvél, jakkar og úlpur, allt fatnaður sem hentar vel veðurfari á norðlægum slóðum. MiFuko er samvinnuverkefni finnskra og keníska hönnuða. Vörur úr þeirri línu eru í boði í versluninni, en þær vöktu mikla athygli í fyrra.

kista.is







■ Fagurt skart er sannarlega góð jólagjöf.

Skíðavörur og allt í útivistina



Búnaður, fatnaður og fylgihlutir

Mikið úrval

VELKOMIN Í STÆRRI OG ENN GLÆSILEGRI VERSLUN



Verslum í heimabyggð

PELTONEN alpina DALBELLO

Rex elan SCARPA

HORNIÐ
www.utivistogveidi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 og á laugardögum frá kl. 10-16
Kaupvangsstræti 4 - 600 Akureyri - Sími 461 1516
utivistogveidi@simnet.is - utivistogveidi.is

Jólagjöf fagmannsins fæst í Verkfærasölunni

Hjá okkur er hægt að finna fjölbreytt úrval rafmagnsverkfæra frá m.a. Milwaukee og Ryobi, handverkfæri, festingavörur, efnavörur, garðverkfæri, lyftibúnað og tjakka, rafmagnsvörur og ljós, skurðar- og slípivörur, stiga og palla, stærri vélar og tæki, öryggisbúnað að ógleymdum jóladagatölunum sem alltaf eru vinsæl. Vöruúrvalið hjá okkur er mjög gott og af nægu að taka í jólapakka fagmannsins," segir Elmar Þór Björnsson, sölumaður hjá Verkfærasölunni að Tryggvabraut 24.

Þrælsterk gæðaverkfæri

Elmar Þór segir að Milwaukee verkfærin hafi reynst mjög vel á Íslandi og að fagmenn tali meðal annars um hversu endingargóðar rafhlöðurnar séu, bæði M18 og M12 rafhlöðurnar. „Þeir hjá Milwaukee vinna náið með iðnaðarmönnum og eru sífellt að þróa í samvinnu við fagfólkið nýjar og betri lausnir, sem eru sérhannaðar fyrir hverja grein. Milwaukee hafa einnig verið leiðandi í hönnun á stórum rafmagnsverkfærum sem leysa bensínverkfærin af hólmi með MX FUEL línunni. MX FUEL verkfærin gera verktökum sem vilja passa upp á kolefnisspor sitt kleift að vinna verkefnin á umhverfisvænan og öruggan hátt, bæði innan og utandyra."

Slökkvilið um land allt, útgerðir og vélstjórar, smiðir, rafvirkjar, bifvélavirkjar, píparar og aðrir sem þurfa á áreiðanlegum öflugum tækjum að halda eru á meðal viðskiptavina Verkfærasölunnar. „Ryobi rafmagnsverkfærin hafa einnig verið að vaxa mikið hjá okkur en þau hafa reynst vel og eru mjög vinsæl meðal fólks í framkvæmdum og hjá þeim sem vilja gera hlutina sjálfir. Ég vil nefna að við erum að fá í hús nýja verkfæralínu frá Ryobi sem ég spái að fá verðskuldaða athygli. Við erum einnig með mörg önnur gæðamerki í handverkfærum, t.d. Hultafors, Wera, Gedore, Knipex , Bahco og Yato," segir Elmar Þór.

Vaxandi vefverslun

Við spyrjum Elmar Þór út í það hvort vefverslun sé ekki vaxandi verslunarform hjá viðskiptavinum Verkfærasölunnar. „Jú, alveg tvímælalaust. Við höfum lagt mikið upp úr því að þróa vsf.is vefverslunina hjá okkur og viðskiptavinir okkar hafa í auknum mæli nýtt sér hagræðið og þægindin við það að versla á vefnum og fá vöruna senda heim að dyrum. Í sjálfri versluninni hér á Tryggvabrautinni veitum við ekki aðeins framúrskarandi faglega þjónustu og góða ráðgjöf varðandi verkfæri og aðrar vörur heldur einnig hressa og persónulega þjónustu við okkar viðskiptavini. Þá vil ég að lokum nefna frábæra viðgerðarþjónustu hjá okkur, bæði hér á Akureyri og fyrir sunnan," segir Elmar Þór að síðustu.

vfs.is



■ Ryobi rafmagnsverkfærin eru mjög vinsæl meðal fólks í framkvæmdum.



■ Milwaukee verkfærin hafa reynst mjög vel á Íslandi og að fagmenn tala meðal annars um hversu endingargóðar rafhlöðurnar séu.



Halldór Ólafsson

ÚR OG SKARTGRIPIR

GLERÁRTORGI - SÍMI 462 2509

WWW.HALLDORURSMIDUR.IS

Vandað svissneskt úr er lífstíðareign



Ríkt hefð er ein helsta skýring þess að Svisslendingar standa öðrum mun framar í smíði vandaðra úra. Þetta segir Bjarni Jónsson, úrsmiður á Akureyri, en fyrirtæki hans, JB úr og skart selur svissnesku gæðaúrin Tissot hér á landi. Fyrirtækið hefur selt úr frá Tissot í áratugi og segir Bjarni að ekki þurfi að efast um að vandað svissneskt úr sé lífstíðareign.

■ Tissot úrin eru gæðavara sem byggjast á langri þekkingu og reynslu Svisslendinga í úrsmíði.



■ Jólin eru tími skartsins. Fallegur skartgripur er sígild jólagjöf sem aldrei bregst.

Svisslendingar kunna að smíða úr

„Svisslendingar hafa mikla þekkingu í smíði úra, hafa ríka hefð að baki sér og kunna einfaldlega öðrum betur að framleiða úr í hæsta gæðaflokki. Tissot er að blómstra þessi misserin með mjög flottum módelum og breiðri línu af úrum. Vandað úr er fallegur skartgripur," segir Bjarni.

Í verslun JB úr og skart við Kaupvangsstræti er úrval af úrum frá Tissot, sem og mörgum öðrum framleiðendum. Úr fyrir karla og konur, börn og unglinga. Allt frá ódýrum úrum upp í þau vönduðstu þar sem Tissot er í fararbroddi.

Skartið og úrin í vefverslun

Jólaverslunin er komin í fullan gang og segir Bjarni að viðskiptavinir nýti sér vefverslun fyrirtækisins bæði til að ganga frá sínum innkaupum og einnig til að skoða vörur. Fjölbreytt úrval af skartgripum er í vefversluninni; hringar, hálsmen, eyrnalokkar, armbönd, trúlofunar- og giftingarhringar, svo nokkuð sé nefnt. Vandaðir skartgripir bæði úr gulli og silfri.

„Ef fólk sér í vefversluninni vörur sem það vill skoða nánar þá er um að gera að koma í búðina og skoða þær betur," segir Bjarni.

jb.is



Bræðurnir Eiður og Hreinn Gunnlaugssynir stofnuðu Kjarnafæði árið 1985 og samanlagður starfsaldur þeirra í greininni er um 100 ár. Þeir eru hluthafar í hinu nýja, sameinaða fyrirtæki, KN.

Sjáumst í eldhúsinu

Fyrirtækin Kjarnafæði, Norðlenska og SAH afurðir hafa sameinast undir nafninu Kjarnafæði Norðlenska hf. Okkar markmið er að tryggja það að neytendur geti ávallt stólað á gæði þegar þeir velja vörur undir okkar vörumerkjum.

Við óskum viðskiptavinum okkar góðs gengis í eldhúsinu yfir hátíðarnar.

KJARNAFÆÐI | NORÐLENSKA





■ **Leikkonurnar Sunna Borg, til vinstri og María Pálsdóttir, koma báðar fram í Skugga-Sveini.**

Gaman að vera komin í Samkomuhúsið

Rætt við Sunnu Borg sem leikur Grasa-Guddu í uppfærslu LA á Skugga-Sveini

Skugga Sveinn, í nýrri og ferskri útgáfu, verður frumsýnt hjá Leikfélagi Akureyrar 14. janúar nk. Þetta er eitt þekktasta leikrit íslenskrar leikbókmenntasögu eftir Matthías Jochumsson, bráðskemmtilegt verk um einn frægasta útlaga Íslands og baráttu hans við laganna verði. Við ræddum við Sunnu Borg leikkonu sem fer með hlutverk Grasa-Guddu í sýningunni.

„Þetta er búið að vera skemmtilegt ferli og ótrúlega gefandi að koma aftur í Samkomuhúsið eftir 10 ára hlé. Hér er alltaf góður andi og hörkulið sem stendur að sýningunni. Uppsetningin á þessu gamalkunna verki er að sumu leyti nýstárleg en Marta Nordal leikstjóri gerir leikgerðina og bryddar þar upp á ýmsu sem á eftir að koma á óvart. Það er mikil tónlist í verkinu, bæði sú sem hefur fylgt Skugga-Sveini lengi en einnig ný tónlist eftir Sævar Helga Jóhannsson, sem sér ennfremur um alla útsetningu laganna," segir Sunna.

Skugga Sveinn var eitt þekktasta og vinsælasta leikverk á Íslandi um áratuga skeið og litríkar persónur þess, Grasa Gudda, Gvendur smali og Ketill skrækur hafa lifað lengi með þjóðinni. Söguþráður Skugga-Sveins er einkum sá að Lárensíus sýslumaður á þann draum heitastan að klófesta útilegumanninn Skugga Svein og lið hans enda Skugga Sveinn stórglæpamaður, þjófur og morðingi. En heldur vandast málið þegar dóttir Lárensíusar verður ástfangin af einum útilegumannanna og gerir hvað hún getur til að frelsa hann frá fangelsun og dauða. Hefst þá spennandi atburðarás og barátta á milli ástar og haturs, réttlætis og ranglætis.



■ **Leikhópurinn sem stendur að Skugga-Sveini en verkið verður frumsýnt 14. janúar nk.**

Leikgerð og leikstjórn er í höndum Mörtu Nordal og leikarar eru auk Sunnu þau Jón Gnarr, Björgvin Franz Gíslason, María Pálsdóttir, Árni Beinteinn Árnason, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir og Vilhjálmur B. Bragason.

mak.is



As We Grow

Brá

BySirry

Ilse Jacobsen

Feldur

FINNSDOTTIR

Hlín Reykdal

House Doctor

Ihanna Home

Inga Elín

Karen by Simonsen

Meraki

Mifuko

mjöll

Multibymulti

myletra

Óskabönd

Paper Collective

Scintilla

Spa of Iceland

Timi by Sweden

Vanilla Fly



KISTA
MENNINGARHÚSINU HOFI



þú finnur okkur á facebook eða
í síma 897 0555 og við hjálpum
þér að finna réttu gjöfina

Söfnuðu fyrir nýjum troðara á mettíma

Við snertum varla jörðina af gleði enda hvarflaði aldrei að okkur þegar við hrintum söfnuninni af stað í febrúar síðastliðnum að við næðum markmiðinu áður en henni lyki og gætum pantað nýja troðarann strax í nóvember. Afhendingartíminn er þó sex mánuðir og því óvíst hvort við náum að frumsýna hann áður en snjóa leysir," segir Sigríður Hrefna Pálsdóttir, formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga, um árangursríka fjársöfnun félagsins fyrir nýjum snjótroðara til að troða skíðaspor í Kjarnaskógi.

Nýr troðari verður bylting

Nýi troðarinn kostar um 35 milljónir króna en söfnunarféð er nú komið í um 40 milljónir en söfnuninni á formlega að ljúka í febrúar. Það fé sem safnast umfram kaupverðið verður nýtt til að koma upp skýli fyrir nýja troðarann en einnig þarf að fara í talsverða vinnu við að breikka stíga í Kjarnaskógi þar sem nýi troðarinn er bæði breiðari og lengri en sá gamli.

„Gamli troðarinn okkar er orðinn mjög lúinn, enda yfir 40 ára gamall, og var hreinlega orðið vafamál hvort okkur tækist að halda honum gangandi í vetur til að troða fyrir gangandi og skíðandi í Kjarnaskógi. Tilkoma nýs troðara verður því bylting. Umferðin í skóginum, bæði af gönguskíðafólki og öðrum útivistarunnendum er stöðugt að aukast og við sjáum raunar fram á að þurfa að fara að huga að fjölgun bílastæða til að bregðast við aukningu í aðsókn," segir Sigríður Hrefna.

Allir lögðust á eitt með Skógræktarfélaginu

Framlög komu í söfnunina frá einstaklingum, félagasamtökum, sveitarfélögum og fjölmörgum fyrirtækjum. Sigríður Hrefna segir að einnig hafi borist framlög eyrnamerkt rekstri troðarans, framlög í formi eldsneytis, rekstrarvara, flutnings og fleira. „Meira að segja ákvað framleiðandinn í Þýskalandi að leggja sitt lóð á vogarskálarnar þegar hann frétti af því hvernig fórum að því að fjármagna kaupin, lét ársgamalt tilboð standa og bætti síðan við hitarabúnaði og ljósahlífum endurgjaldslaust."

Sigríður Hrefna segir margar hugmyndir um að troða nýjar brautir utan skógarins þegar þetta fína tæki verður komið til sögunnar. „Það er alveg klárt að troðarinn mun opna enn fleiri möguleika og fjölbreytni í brautum fyrir gönguskíðafólk og þannig auka enn hróður og vinsældir svæðisins til að stunda útivist og vetraríþróttir," segir hún.



■ **Sigríður Hrefna Pálsdóttir, formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga.**



■ **Nýi snjótroðarinn sem tekist hefur að safna fyrir á undraskömmum tíma er væntanlegur undir vor. Hann verður bylting í þjónustu í Kjarnaskógi við gönguskíðaunnendur og annað útivistarfólk.**

ALLT FYRIR BÍLINN ÞINN..



NÝ LÍNA Í BÍLAHREINSIEFNUM FRÁ MOTUL

MOTUL

BYKO

Fæst í öllum verslunum byko

Motul á íslandi Óseyri 1 603 Akureyri - www.motulisland.is

Ríkandi jólastemning

Jólin eru hafin í Húsasmiðjunni og Blómavali. Það er gríðarleg sala í jólaseríum en Frost-seríurnar okkar eru sérhannaðar fyrir íslenskt veðurfar og lýsa vel upp skammdegið. Við vorum jafnframt að dreifa jólagjafahandbókinni okkar sem inniheldur hugmyndir fyrir alla fjölskylduna t.d. verkfæri, AirFryer, pizzuofna, búsáhöld, sjónvörp og grill," segir Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri verslanasviðs Húsasmiðjunnar í samtali.

„Við höfum tryggt okkur nægar vörur fyrir jólin og hillur verslunarinnar svigna bókstaflega undan heppilegum hlutum til jólagjafa. Einnig er gott fyrir fólk að versla í gegnum vefinn og fá vörurnar sendar heim að dyrum. Í Blómavali er einnig úrval af aðventukrönsum og jólaskrauti. Hjá okkur er yndisleg stemning á aðventunni og mikill greniilmur í húsinu," segir Tinna.



■ **„Hjá okkur í Húsasmiðjunni og Blómavali er yndisleg stemning nú á aðventunni," segir Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri verslanasviðs Húsasmiðjunnar.**



■ **Ný verslun og þjónustumiðstöð verður opnuð á Akureyri í febrúar í 5.000 m² húsi. Þar verða Húsasmiðjan, Blómaval og Ískraft undir sama þaki.**

Nýtt hús rís af grunni

Framkvæmdir eru á fullu þessa dagana við nýja og glæsilega 5.000 m2 verslun og þjónustumiðstöð Húsasmiðjunnar sem verið er að reisa við Freyjunes á Akureyri. Undir sama þaki verða einnig Blómaval og Ískraft sem er leiðandi fyrirtæki í sölu raflagna- og lýsingabúnaðar til rafverktaka, rafvirkja og iðnfyrirtækja. Nýja verslunin verður opnuð í febrúar næstkomandi.

„Húsasmiðjan á Akureyri á sér langa og góða sögu á Lónsbakkanum en við sjáum fjölmörg tækifæri í að flytja starfsemina í nýtt húsnæði innar í bænum. Þar verður meðal annars „Drive-through" timbursala, enn stærri og öflugri málningardeild, veglegt sýningarrými fyrir heimilistæki, gólfefni og hreinlætistæki og enn stærri Blómavalsverslun. Verslunin við Freyjunes er sérhönnuð út frá þörfum viðskiptavina okkar, bæði einstaklinga og fagmanna. Við erum sannfærð um að Akureyringar og nærsveitungar muni fagna henni og því aukna vöruúrvali sem þar verður."

Frábært Húsasmiðjuapp

Tinna segir að Húsasmiðjan hafi tekið í notkun nýtt sjálfsafgreiðslu- og þjónustuapp sem sameinar bæði sjálfsafgreiðslu í verslun og fleiri þjónustuleiðir sem Húsasmiðjan hefur verið að bjóða upp á rafrænt á síðustu misserum. Þá hjálpar Húsasmiðjuappið viðskiptavinum að nálgast upplýsingar um vörurnar, t.d. hvort þær séu umhverfisvænar.

„Appið er afar einfalt í notkun og með því er greitt fyrir vörurnar um leið og þær eru skannaðar ofan í körfu í verslun. Þar með losnar fólk við að standa í biðröðum eftir afgreiðslu. Húsasmiðjuappið er einnig þjónustuapp og býður m.a. upp á greiðsludreifingu til allt að 12 mánaða, viðskiptavinir geta notað sín afsláttar- og viðskiptakjör og skráð kaup á verknúmer. Jafnframt geta einstaklingar og fyrirtæki í reikningsviðskiptum stýrt lánsheimild sinni þar sem umsóknarferillinn er að fullu rafrænn. Þetta er einstakt á Íslandi og þó víða væri leitað. Ég hvet viðskiptavini okkar að prófa að skanna og borga í gegnum Húsasmiðjuappið," segir Tinna.

husa.is


TISSOT
TISSOT
1853
8
PRX
POWERMATIC 80
SWISS MADE
TISSOT PRX AUTOMATIC.
A SWISS MADE THROWBACK TO A FLAGSHIP
TISSOT DESIGN FROM 1978.
THE GIFT OF TIME
TISSOTWATCHES.COM
JB ÚR&SKART
Kaupvangsstræti 4 · 600 Akureyri · Sími 462 5400 · www.jb.is



Jólastemning fyrri tíma

Miðbærinn á Akueyri er jafnan fallega skreyttur í aðdraganda jóla. Margir Akureyringar eiga minningar um jóla-skreytingar fyrri tíma í bænum og útstillingar í gluggum verslana og hér í opnunni má sjá nokkrar stemningsmyndir frá fyrri tíð á mynd-um frá Minjasafninu á Akureyri.












AMARO-BUDIN













Jólin eru ávallt skemmtilegur tími hjá Vorhús

Vorhús bætir við vinsælu jólalínuna Einiber og býður nú upp á konfektskál og súkkulaðikransa í stíl við viskustykkin, servíetturnar og tinkransinn sem komu fram á sjónarsviðið í fyrra. „Fallegir heimilismunir tengdir jólum hafa ávallt verið vinsæl vara í jólapakkana. Fólk vill gjarnan skipta út hversdagslegu hlutunum fyrir hátíðlegri hluti. Jólalínan okkar hefur alltaf verið mjög vinsæl og það er líka raunin í ár," segir Eydís Ólafsdóttir, markaðs- og sölustjóri Vorhús og eigandi.

Tilbúnar jólagjafir létta mörgum sporin

Vorhús býður fjölmarga tilbúna jólapakka í ár og hefur því verið afar vel tekið hjá landsmönnum en í vefverslun Vorhús á vorhus.is er hægt að velja úr fjölda fjölbreyttra jólapakka. Þá afhendist gjöfin innpökkuð, með merkimiða og er tilbúin til afhendingar. „Á þessum erfiðu tímum eru margir mikið heima og fara kannski lítið í verslanir. Við töldum okkur því geta komið betur til móts við okkar viðskiptavini með því að bjóða aukna þjónustu og sendum nú allar pantanir í heimsendingu. Við getum líka sent pantanir beint heim til viðtakanda, tilbúna pakka undir jólatréð, með handskrifaðri kveðju frá gefanda," segir Fjóla Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Vorhús og eigandi.

„Við settum saman fjölbreytta pakka á breiðu verðbili sem henta vel til jólagjafa. Einn vinsælasti pakkinn inniheldur viskastykki og konfektskál en einnig hafa nýju bollarnir sem voru að koma í hús til okkar í síðasta mánuði rokið út," segir Sigríður Haraldsdóttir, hönnunarstjóri Vorhús og eigandi.

Opið er alla virka daga í verslun Vorhús, Hafnarstræti 71 á Akureyri kl. 11-17 og á laugardögum kl. 11-14.



■ Jólavörur rjúka út hjá þeim stöllum og eigendum Vorhús. Frá vinstri: Fjóla Karlsdóttir, Eydís Ólafsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir.



■ Einiber tinkrans.



■ Einiber; bretti, skál og servíetta.



■ Garðveisla; bollar og handklæði.



■ Fjallasýn; viskustykki og bolli.



■ Einiber súkkulaðikrans.

Vefverslun er opin allan sólarhringinn á vorhus.is og er í boði frí heimsending innan Akureyrar og á pósthús eða póstbox um land allt ef verslað er fyrir meira en 6000 kr.

vorhus.is


TILVALIÐ Í JÓLAPAKKANN!
Frumsýnt
janúar 2022
Leikfélag
Akureyrar
JÓN GNARR ER
SKUGGA
SVEINN
MIÐASALA Á MAK.IS



■ Aðalsteinn Helgason og Bryndís Viðarsdóttir í Skíðaþjónustunni. Þar má fá allt fyrir skíða- og hjólasportið.

Gönguskíðin eru vinsæl

Við erum með fulla búð af nýjum vörum, margt spennandi sem hentar í jólapakkana, bæði stórar og smáar gjafir," segir Aðalsteinn Helgason hjá Skíðaþjónustunni. Þar á bæ var verið að taka upp nýjar vörur á dögunum og smekkfull búð af alls konar varningi mætir viðskiptavinum sem þangað leggja leið sína.

Sprenging í gönguskíðunum

Aðalsteinn nefnir að nýlega barst sending af gönguskíðum, en vinsældir þeirra hafa náð miklum hæðum undanfarin misseri. „Það varð algjör sprenging í skíðagöngu í kjölfarið á covid og ekkert lát á," segir hann, en bæði börn og fullorðnir stunda íþróttina af kappi, oft öll fjölskyldan saman. „Þetta eru gæðastundir, þar sem fjölskyldan nýtur útiveru og hreyfingar og stundar sitt áhugamál," segir hann og bendir á að aðstaðan á og í kringum Akureyri sé einstaklega góð.

Börn og unglingar eru mikið á snjóbrettum og fjölbreytt úrval er í boði í Skíðaþjónustunni og einnig



segir Aðalsteinn að fjallaskíði séu að koma mjög sterk inn um þessar mundir. Þau eru eins konar sambland af göngu- og svigskíðum, hægt að ganga upp á fjallsbrún á skíðunum og bruna niður. Fjallaskíðamennskan henti bæði hópum sem fara saman og þeim sem kjósi einveru og vilji vera utan alfaraleiðar.

Hjóla allt árið

Aðalsteinn segir að hin síðari ár hafi mikil breyting orðið á hjólreiðum en margir stundi þær árið um kring. Þannig er flesta daga eitthvað verið að snúast í kringum reiðhjólin hjá Skíðaþjónustunni, græja nagladekk



fyrir veturinn, setja ljósabúnað eða bara gera við.

„Þetta er ólíkt því sem áður var þegar hjólin voru tekin fram þegar fór að vora. Nú hjóla margir hvernig svo sem viðrar," segir hann. Skíðaþjónustan er með aukabúnað tengdan hjólreiðum til sölu í verslun sinni, vettlinga, ljósabúnað, hjálma og fleira þannig að þeir sem vilja gleðja hjólreiðamanninn verða ekki sviknir af því að líta við hjá Skíðaþjónustunni fyrir jólin.

skidathjonustan.com



Jólasveinar 1 og fleiri

Jólasýning Minjasafnsins á Akureyri

25. nóvember 2021 – 9. janúar 2022
Opið daglega 13-16 · Open daily 1 pm-4 pm

minjasafnid.is

Aðalstræti 58, Akureyri

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

Út að borða er jólagjöfin í ár

Brunch af Brunch er kominn í jólalegan búining og við bjóðum upp á jólabrunch allar helgar fram að jólum. Þar getur fólk notið þess í tvo tíma að fá réttina sína framreidda á borðið til sín, eins mikið og það vill, og notið aðventustemmningarinnar," segir Heba Finnsdóttir, veitingakona og eigandi veitingastaðarins Striksins á Akureyri.



■ Keppendur í kokteilakeppni starfsmanna Striksins. Frá vinstri Bjartur Páll, Elísabet Ingibjörg, sigurvegarinn Tássia Moraes, Emilía Guðrún og Helgi Pétur.

Gjafabréf er jólagjöfin fyrir alla

Þrátt fyrir að sóttvarnatakmarkanir hafi mikil áhrif á veitingastarfsemina segist Heba ánægð með árið þegar upp er staðið. „Við fengum góða skíðavertíð, frábært sumar og svo var talsvert af ferðafólki í haust. En fyrst og fremst eru það okkar góðu viðskiptavinir hér heima sem hafa fagnað því að geta aftur komið út að borða og eiga glaðan dag," segir Heba.

Þorláksmessuskatan verður á sínum stað á Strikinu og Heba minnir einnig á gjafakort Striksins sem hafa verið mjög vinsæl jólagjöf. „Jólagjöfin í ár er upplifun sem það svo sannarlega er að fara út að borða og eiga góða kvöldstund með sínu nánasta fólki. Þetta er gjöf fyrir alla," segir hún.

Strikið býður sem fyrr upp á heimtöku á mat og er allur matseðill veitingastaðarins í boði en nú í jólamánuðinum er sérstök áhersla á Jólastrikið sem er vel úti látinn smáréttamatseðill. Tilvalinn fyrir aðventukvöldið heima í stofu.



■ Vegan Taco.



■ Strikið leggur mikið upp úr úrvali af kokteilum. Hér er Dirty Waters.



■ Nautaslider.

Keppt í kokteilagerð

Strikið hefur lagt mikið upp úr kokteilagerð og á dögunum voru haldnar keppnir meðal starfsfólks í gerð kokteila og eftirrétta. Sigurkokteillinn í þeirri keppni er nú þegar kominn á seðilinn á Strikinu.

„Svona keppnir höfum við haldið reglulega og það kemur alltaf eitthvað gott út úr þeim. Þetta er alvöru keppni með dómurum sem bæði meta bæði réttina og vinnubrögðin þannig að þetta er mjög lærdómsríkt fyrir nemana okkar og alla sem taka þátt. Það eru vegleg verðlaun í boði en þau stærstu eru auðvitað þegar t.d. kokteillinn er tekinn inn á seðilinn okkar," segir Heba.

strikid.is

Við erum á leiðinni á toppinn!







Vetrarkort

Sala vetrarkorta er hafin!
Vetrarkortin eru á sérstöku verði
í forsölu þar til fjallið opnar.

Kíktu á **miðasöluvefinn** á hlidarfjall.is





Hlíðarfjall
Akureyri

Opnunartíma má sjá á hlidarfjall.is

Fylgstu með *Hlíðarfjall Akureyri* á facebook

Akureyrarbær

Jólasveinarnir yfirtaka Minjasafnið

Þeir eru bæði kunnuglegir og framandi jólasveinarnir á sýningu Minjasafnsins á Akureyri, Jólasveinar einn og fleiri! Annars vegar birtast á sýningunni hinir hefðbundnu sveinar eftir myndum Tryggva Magnússonar sem komu út í bókinni Jólin koma ásamt ljóðum Jóhannesar úr Kötlum. Rétthafar Tryggva veittu safninu góðfúslegt leyfi til að nota myndir hans á sýningunni og mynda þær umgjörð hennar ásamt munum sem tengjast jólasveinunum.



■ **Það er hægt að setja sig í spor jólasveinanna í Minjasafninu á Akureyri. Hver ætli sér sterkastur þeirra?**

Sveinar, sveinkur og tugir jólasveinanafna!

Ýmsir gripir eru til að handleika vel sprittuðum höndum. Þannig er hægt að setja sig í spor jólasveina og gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Veist þú hver sterkasti jólasveinninn er? Hefur þú stungið höfðinu í skyrtunnu? Eða mátað alvöru jólasveinabúning?

Hins vegar fá minna þekktu sveinarnir og sveinkurnar líka sitt rými á sýningunni. Það er ástæðulaust að rífast um hvort jólasveinarnir séu 9 eða 13 því jólasveinanöfnin fylla næstum 9. tuginn. Þekkir þú Lungnasletti, Flotsokku eða Flórsleiki? Svellabrjót? Listakonan Ingibjörg H. Ágústsdóttir hefur myndgert fjóra af þessum ókunnu jólasveinum og sveinkum og birtast fleiri á næsta árum.

Fjöll færð í hús

Ekki er það daglegt brauð að fjöll séu færð í hús. Listamaðurinn Þórarinn Blöndal var fenginn til að gera heimili Grýlu, Leppalúða og jólasveinanna og er hægt að skyggnast inn í fjallið og sjá hvernig jólasveinarnir búa. Kannski hefur þeim fjölgað milli ára því það hafa bæst við herbergi í fjallinu.

Sýningin er liður í fræðslustarfi Minjasafnsins en þar hefur jóladagskráin leikið stórt hlutverk áratugum saman. Leik- og grunnskólabörn fá að kynnast jólahaldi áður fyrr og þeim siðum sem fylgdu jólunum. Þannig verða jólatrjám gerð sérstök skil í Nonnahúsi og myrkrinu í Minjasafnskirkjunni.

Aðrar sýningar safnsins eru að sjálfsögðu opnar og taka á sig jólalegan blæ í desember. Þannig ómar jólatónlist í sýningunni Tónlistarbærinn Akureyri og á sýningunni Akureyri bærinn við Pollinn var opnuð lítil ljósmyndasýning með myndum af jólastemningu fortíðarinnar 3. desember.

Jólasýningarnar eru opnar almennum gestum daglega kl. 13-16 til 9. janúar.

Hægt er að fylgjast með Minjasafninu á Akureyri á samfélagsmiðlum í desember þar sem birtist daglega jólafróðleikur um gripi, staði og ljósmyndir.


Gjafabréf í Eyjafjarðarsveit

Fjölbreytt jólagjöf














Kynnið ykkur Gjafabréf í Eyjafjarðarsveit neðst á www.esveit.is

463-0600 / esveit@esveit.is



■ Það allra nýjasta og áhugaverðasta frá Elan. Samanbrjótanleg svigskíði!


Samanbrotin svigskíði í tösku!

Skíðaframleiðandinn Elan hefur nú sett á markað svigskíði sem hægt er að brjóta saman og setja í tösku. Þessa nýjung í skíðaframleiðslunni má fá í útivistarversluninni Horninu við Skipagötu en óhætt er að segja að búðin sé troðfull af skíðabúnaði sem og öðrum búnaði fyrir vetrarsportið. Svigskíðaúrvalið í Horninu er frá Elan en einnig er verslunin með gönguskíði frá Peltonen og Alpina, Rottefella gönguskíðabindingar, skíðastafi frá Rex og skíðaskó frá Dalbello. Fyrir unnendur fjallaskíðasportsins er Hornið með skíði og skó frá Scarpa.

Elan rakar saman verðlaunum

Sveinn Guðmundsson, verslunarmaður í Horninu, segir skíðaframleiðsluna frá Elan algjörlega að slá í gegn um þessar mundir.

„Elan hefur verið að fá tugi viðurkenninga fyrir sína framleiðslu í Evrópu og Ameríku að undanförnu, enda gríðarleg framþróun í skíðunum frá þeim og margt flott í hönnuninni. Sem dæmi um það eru samanbrjótanlegu skíðin sem fólk getur haft í tösku í skottinu á bílnum og geymt uppi í hillu heima hjá sér. Og málið er að þetta eru þrælöflug og góð skíði sem eru nýjung í sérflokki í skíðaheiminum," segir Sveinn en samanbrjótanlegu skíðin eru úr carbon efni og sömuleiðis eru í þessu setti samanbrjótanlegir skíðastafir. „Þetta er búnaður í hæsta gæðaflokki," segir hann.



■ Gríðarlegt úrval af skíðum í versluninni. Fremst á myndinni eru skíði frá Elan sem eru útlitshönnuð af Porche.

Barnaskíðalína og aukahlutir

Auk þess að vera með mikið úrval af skíðum og skíðabúnaði í versluninni er Hornið með allar skíða- og útivistarvörur fyrir vetrarsportið í vefversluninni skidasport.is.

„Við höfum skíðabúnað fyrir alla aldurshópa, erum t.d. með mikið úrval af skíðum fyrir börnin og allt niður í snjóþotur. Og svo hjálma, skíðagleraugu, snjóþrúgur og margt fleira. Hér er allt klárt fyrir komandi skíðavertíð," segir Sveinn.



■ Skíðaskór frá Scarpa.

skidasport.is
utivistogveidi.is



JANUS
NORWAY
since 1895

Frí heimsending
ef pantað er fyrir 5.000 kr eða meira.

HLÝLEGAR JÓLAGJAFIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Ullarkistan
ullarkistan.is

SKEIFAN 3B // GLERÁRTORG



■ Jólastemning í Hafnarstræti fyrr á tíð.

Höndlað við Pollinn

Ný bók um sögu kaupmennsku á Akureyri

Akureyri er tíðum nefnd höfuðstaður Norðurlands. Það stafar ekki síst af því að við Akureyrarpoll, sem fyrr á tíð var löngum nefndur Hofsbót, hefur miðstöð verslunar og viðskipta við innanverðan Eyjafjörð – og reyndar á öllu Norðurlandi – staðið allt frá því um 1500, og jafnvel lengur. Um alla þessa sögu er nú komið út veglegt rit, Höndlað við Pollinn, eftir Jón Þ. Þór, sagnfræðing.

Á einokunaröld festist miðstöð verslunar í sessi þar sem nú er Innbærinn á Akureyri og á 19. öld tók að myndast þar þéttbýli sem var fyrsti vísir að kaupstaðnum sem við þekkjum sem Akureyri. Í þessari fróðlegu og læsilegu bók er rakin saga verslunar á Akureyri og við innanverðan Eyjafjörð allt frá því fyrsta skipið, hlaðið verslunarvarningi, renndi inn fjörðinn og lagðist við Festarklett á landnámsöld og til þúsaldarmótanna árið 2000. Í bókinni segir frá fjölda fyrirtækja, stórra og smárra og ótal körlum og konum sem mótuðu viðskiptaumhverfið og settu svip á mannlífið í bænum í áranna rás.



■ Jón Þ. Þór, sagnfræðingur, skrifar bókina.

Bókin er prýdd fjölda ljósmynda sem margar hafa ekki birst á prenti áður og auk þess teikningum og máluðum myndum eftir Kristinn G. Jóhannsson listmálara. Útgefandi er Hið íslenska bókmenntafélag.

JÓLAGJÖF SEM GLEÐUR

- GJAFABRÉF Á STRIKIÐ -

GJAFABRÉF Í BUNCH AF BRUNCH



3.990,-

STRIKIÐ
RESTAURANT&BAR

GJAFABRÉF Á STRIKIÐ



Strikið • Skipagata 14 • Sími 462 7100 • strikid.is

FVSA
FÉLAG VERSLUNAR - OG SKRIFSTOFUFÓLKS
AKUREYRI OG NÁGRENNI


Við sendum landsmönnum okkar bestu óskir um

Gleðileg jól

og farsæld á komandi ári

Við minnum félagsmenn á að síðasti skiladagur fyrir styrki á þessu ári er 27. desember
Með kveðju frá starfsfólki félagsins

www.fvsa.is
Skipagata 14 - 600 Akureyri - s: 455 1050 - fvsa@fvsa.is



■ Nýr leikskóli verður í viðbyggingunni lengst til hægri. Hér sjást einnig hugmyndir um byggingu efri hæðar núverandi húsnæðis Hrafnagilsskóla sem stefnt er að.

Eyjafjarðarsveit

Leikskólabygging að hefjast



■ Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri.

Framkvæmdir eru nú að hefjast við 900 fermetra viðbyggingu við Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit þar sem meðal annars verður leikskóli sveitarfélagsins. Jarðvegsskiptum er lokið og yfirstandandi er útboð fyrir sökkulveggi og gólfplötu. Nú í desember verður tekin ákvörðun um hvenær viðbyggingin verður svo boðin út en um er að ræða byggingu úr krosslímdum einingum.

2000 fermetrar í nýju húsnæði


„Við erum að fá mjög margt í þessari byggingu. Leikskólinn er aðal atriðið en auk þess fáum við nýja aðstöðu fyrir upplýsingaver- og bókasafn, fjölnotasal og nokkur minni fundarými. Síðan er einnig stefnt að byggingu hæðar ofan á núverandi skólahúsnæði þar sem verður m.a. tónmenntastofa, fjölnotastofa og allt starfsmannarými fyrir bæði leik og grunnskóla. Þessu til viðbótar verður líkamsræktaraðstaða á efri hæðinni og salur fyrir minni hópatíma. Framkvæmdirnar í heild sinni fela því í sér viðbygginguna og breytingar á núverandi húsnæði skólans. Samanlagt verður nýtt húsnæði að þessu öllu loknu um 2000 fermetrar og því til viðbótar eru breytingar í núverandi húsnæði Hrafnagilsskóla," segir Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar.

Bylting fyrir leikskólann

Stærsta breytingin verður á starfsemi leikskólans sem er í húsnæði í Hrafnagilshverfi sem mjög er komið til ára sinna og er óhentugt sem slíkt. Breyting fyrir leikskólastarfið verður því byltingarkennd.

„Í leikskólanum Krummakoti eru nú upp undir 70 börn en nýi leikskólinn mun geta tekið við 100-120 börnum. Við erum því að hugsa til langrar framtíðar en í hönnunarferlinu var líka og horft til mikils sveigjanleika þannig að rými geti bæði leik- og grunnskóla eftir því sem hentar á hverjum tíma," segir Finnur Yngvi.

esveit.is







Full búð af gjafavöru

VELKOMIN Í VORHÚS

OPIÐ ALLAN SÓLAHRINGINN Á www.vorhus.is

Hafnarstræti 71 · Akureyri · opið virka daga 11-17 & 11-14 laugardaga









FISCHER

Gönguskíða-pakkar fyrir alla fjölskylduna

20% pakkaafsláttur

Skíðaþjónustan

Fjölnisgata 4b | Akureyri | Sími 462 1713

skidathjonustan.com



Óskum Akureyringum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Bifreiðaverkstæðið BAUGSBÓT Frostagötu 1B-603 Akureyri Sími: 462 7033 & 896 0373
BAUGSBÓT EHF. FROSTAGATA 1B, 603 AKUREYRI KT. 430298-2169 VSK.NR. 57284

Brynja

KPMG

LINDEX

Deloitte.

RITFORM

ICE FRESH SEAFOOD SAMHERJI


Háskólinn á Akureyri University of Akureyri

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur Europcar

AUÐLINDIN

EINING-IÐJA

ÍSLENSK VERÐBRÉF síðan 1987



Í bókinni segir frá fjölda fyrirtækja og einstaklingum sem mótuðu viðskiptaumhverfið og settu svip á mannlífið í bænum í áranna rás.



■ Hrund Hlöðversdóttir með nýju skáldsöguna.

Ævintýrasaga skólastjórans

Óhætt er að segja að Hrund Hlöðversdóttir, skólastjóri Hrafnagilsskóla, hafi látið draum rætast og hreint ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur því hún hefur nú skipað sér á bekk með nýjum rithöfundum í jólabókaflóðinu. Fyrsta skáldsaga hennar heitir Ógn – ráðgátan um Dísar-Svan, bók fyrir ungmenni á öllum aldri, ævintýrasaga sem byggð er á þjóðsögunum þar sem raunheimar og hulduheimar blandast saman.

Ævintýraheimurinn opnaðist við Hraunsvatn

„Ég hafði áður skrifað námsbækur og mig hefur lengi langað til að gera eitthvað meira en vissi ekki alveg hvað. Fyrir 7-8 árum var ég mjög heilluð af þjóðsögunum, las þær og velti því fyrir mér að það væri synd ef næstu kynslóðir fengju ekki sömu hlutdeild í þeim og fyrri kynslóðir. Þjóðsögurnar eru okkar ævintýraheimur og ég fór að velta fyrir mér hvort ég gæti skrifað eitthvað sem tengdist þeim. Síðan gerðist það fyrir nokkrum árum að ég fór með börnunum í Hrafnagilsskóla og starfsfólkinu upp að Hraunsvatni og þar opnaðist þessi ævintýraheimur með hraundröngunum og mikilfenglegri náttúru. Þá kviknaði hugmyndin um sögusvið með vatni og tindum þar sem ég sá að hægt væri að tengja skrímslin og kynjaskepnurnar. Þetta var vendipunkturinn," segir Hrund en sögupersónur bókarinnar eru fjórtán ára gamla stelpan Svandís sem flytur úr borginni norður í land og eignast vinina Brján og Sylvíu. Í kringum Svandísi er margt einkennilegt á kreiki, barátta góðs og ills og kynjaskepnur sem vinirnir þurfa að takast á við.

Hrifin af ungmennasögum

Hrund segir að sagan hafi verið lengi í mótun en síðan leið nokkur tími þar til einhver fannst sem var tilbúinn að gefa bókina út en útgefandi er Bókaútgáfan Hólar. Á meðan hélt Hrund áfram að skrifa og hefur lokið bók númer tvö og er komin áleiðis með þá þriðju.

„Þó ég sé á miðjum aldri þá finnst mér alltaf jafn gaman að lesa svona ungmennasögur og vonandi hafa fullorðnir líka gaman af lestrinum. Ég var með margar minningar frá afa mínum og ömmu í huga þegar ég var að skrifa en amma Svandísar leikur stórt hlutverk í sögunni og ég tileinka bókina ömmum mínum. Þetta er því í bland óður til samveru kynslóða og einnig er tónlist mjög sterkur þráður í bókinni og þar er ég kannski svolítið að koma því til skila hversu mikilvæg tónlist og tónlistaruppeldi er að mínu mati," segir Hrund sem segist þakklát þeim sem hafi lesið yfir handrit í vinnslu, ráðlagt henni, stutt og hvatt hana áfram við skrifin.

„Ég var feimin fyrst við að láta aðra lesa yfir og það skipti máli að fá hvatningu til að halda áfram. Það var mjög gaman að fá bókina í hendur en um leið finnst mér svolítið óraunverulegt að nú muni fleiri sökkva sér ofan í þennan ævintýraheim minn," segir Hrund.

LINDEX





Gefðu ævintýri um jólin

Gjafabréf Icelandair gildir fyrir allt millilanda- og innanlandsflug, svo það er tilvalin jólagjöf fyrir fólk sem er stöðugt á ferð og flugi.

Gefðu þægilegt og áhyggjulaust ferðalag í jólagjöf – gefðu gjafabréf Icelandair.